

allt

SVALA ÓLAFSDÓTTIR

Vaknar og byrjar að baka

• tilboð í MIÐJU BLAÐSINS ▶



birta

ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR

Spilar í bestu kvennadeild heims

• batman • matur • vikingar • stjörnur FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶



TÓNLIST

SONIC YOUTH

Ný plata og tónleikar á Íslandi

TÓNLIST 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júní 2005 - 162. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fréttasími: 821 7556

FÖSTUDAGUR



Englar og djöflar

Götuleikhúsið verður með stórsýningu í dag á milli 14 og 15 fyrir framan MR með eldblestri, fimleikum, tónlist og fleiru. Þau hafa verið að vinna með andstæður og þema sýningarinnar eru englar og djöflar.

UNGT FÓLK 32

Hver er besti Laxnessinn?

Guðmundur Andri Thorsson svarar grein Hannesar Hólmsteins og segist ekki eiga Halldórs Laxness umfram aðra.



UMRÆÐAN 16


Próttarar fóru illa með Eyjamenn

Próttur vann sinn fyrsta sigur í Landsbankadeildinni í gær þegar liðið burstaði ÍBV 4-0. Hinum leikjum gærkvöldsins lauk með jafntefli.



ÍPRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



BONGÓBLÍÐA Í BORGinni Bjartviðri sunnanlands og vestan en skýjað norðaustan og austan til og súld eða dálítill rigning með köflum. Hiti 6-18 stig, hlýjast suðvestan til. Veður 4

HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ

Föstudagar: 25-49 ára*

76%



52%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lesur á föstudögum.



BESTA SÝNINGIN Sýningin Draumleikur hlaut flest verðlaunin á Grímunni í gærkvöldi. Framleiðandi leikritsins, Guðjón Pedersen, tekur hér við verðlaununum fyrir sýningu ársins. Með honum stendur Benedikt Erlingsson, leikstjóri sýningarinnar. Áhorfendaverðlaunin féllu í skaut Ólivers, sem sýnd var hjá Leikfélagi Akureyrar.

Gríman afhent í Þjóðleikhúsinu í gær:

Draumleikur sýning ársins

MENNING Sýningin Draumleikur sem sýnd var í Borgarleikhúsinu var valin sýning ársins og Benedikt Erlingsson, leikstjóri sýningarinnar, var valinn leikstjóri ársins á Grímunni, Íslensku leiklistarverðlaununum, sem afhent voru í Þjóðleikhúsinu í gær. Auk þess hreppti Grétar Reynisson Grímuna fyrir leikmyndina í Draumleik.

Ólafur Egill Egilsson hlaut

Grímuna sem leikari ársins í aðalhlutverki fyrir hlutverk sín í Óliver! sem sýnd var hjá Leikfélagi Akureyrar og Svartri mjólk sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu. Leikkona ársins í aðalhlutverki var valin Hanna María Karlsdóttir, fyrir hlutverk sitt í Héra Hérasyni sem sett var upp í Borgarleikhúsinu.

Guðrún S. Gísladóttir var valin leikkona ársins í aukahlutverki

fyrir hlutverk sitt í Mýrarljósi sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu og Þröstur Leó Gunnarsson var valinn leikari ársins í aukahlutverki fyrir hlutverk sitt í Koddamanninum sem einnig var sýnd var í Þjóðleikhúsinu.

Úlfhamssögu voru veitt tvö verðlaun, Eivöru Pálsdóttur fyrir tónlist/hljóðmynd ársins og Birni Bergsteini Guðmundssyni fyrir lýsingu ársins. Sjá síðu 38

Sendiráð og háskólar reynast þung í rekstri

Sendiráð fóru samtals um 230 milljónir króna fram úr áætlun á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins. Háskólar eru þungir í rekstri og fór Háskólinn á Akureyri 36 prósent fram úr fjárheimildum í fyrra.

RÍKISSJÓÐUR Ráðuneyti utanríkis- og landbúnaðarmála fóru um og yfir tíu prósent fram úr fjárheimildum á síðasta ári samkvæmt bráðabirgðayfirliti fjármálaráðuneytisins, samtals um 550 milljónir króna. Umframgjöld sendiráða námu um 230 milljónum króna og versnaði fjárhagur þeirra á árinu. Einnig fóru aðal-


skrifstofa utanríkisráðuneytisins og sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli samtals um 100 milljónir króna fram úr heimildum.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytisins umfram heimildir eru einkum rakinn til Hólaskóla, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og embættis yfirdýralæknis.

Þótt útgjöld umfram heimildir fjárfrekustu ráðuneytanna séu hlutfallslega minni fór heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið liðlega einn milljarð króna fram úr heimildum og menntamálaráðuneytið fór 833 milljónir króna fram úr sínum fjárheimildum. Munar þar mestu um 213 milljóna króna umframgjöld Háskólans á Akureyri og 207 milljónir króna hjá Háskóla Íslands. Nær öll útgjöld heilbrigðisráðuneytisins umfram heimildir, 945 milljónir króna, má rekja til Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Þrátt fyrir hallarekstur margra ráðuneyta voru rekstrargjöld ríkissjóðs 9,6 milljörðum króna lægri en áætlað var á síðastliðnu ári. Sex ráðuneyti voru rekin með samtals 2,2 milljarða króna afgangi. Þá má einnig rekja rekstrarafganginn til þess að viðhalds- og stofnkostnaður var á tífunda milljarð króna innan áætlunar og munar þar mestu um aðhald í vegafarmkvæmdum og framkvæmdum á vegum menntamálaráðuneytisins. - jh

Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs



ÚTGJÖLD OG HEIMILDIR Utanríkis- og landbúnaðarráðuneytin fóru hlutfallslega mest fram úr fjárheimildum á síðasta ári. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið skilaði hlutfallslega mestum afgangi.



BENEDIKT XVI OG SAMUEL KOBIA Páfi heilsar hér prestinum Samuel Kobia, sem er aðalritari Heimsráðs kirkja.

Páfi vill sátt við aðra kristna:

Kristileg sáttahönd

VATÍKANÍÐ, AP Samuel Kobia, leiðtogi Heimsráðs kirkja, lýsti því yfir í gær á fundi með páfa að hann vildi sættast við rómversk-kaþólsku kirkjuna og auka sameiginlegan skilning. Benedikt sextándi páfi tók vel í umleitanir hans um að bæta sambandið.

Benedikt sextándi páfi hefur gert það að baráttumáli sínu að koma á sáttum við Réttrúnaðarkirkjuna eftir meira en þúsund ára aðskilnað. Patriarki rétttrúnaðarmanna lýsti því yfir sama dag að hann tæki vel í sáttumleitanir páfa. ■

Skinney-Pinganes:

Ættingjar áttu meira

EINKAVÆÐING Ríkisendurskoðandi tilkynnti eftir fund með fjárlaganefnd í gær að hlutur venlasmanna Halldórs Ásgrímssonar í Skinney-Pinganesi væri 34 prósent en ekki 25 prósent eins og fram kom í minnisblaði hans síðastliðinn mánudag. Þetta stafar af upplýsingum um eign venlasmanna Halldórs í einkahlutafélaginu Ketillaugu, en það á átján prósent hlut í Skinney-Pinganesi. Í október 2002 áttu venlasmenn Halldórs helmingshlut í Ketillaugu.

Þrátt fyrir þetta segir ríkisendurskoðandi að Halldór hafi ekki verið vanhæfur til þess að hlutast til um sölu Búnaðarbankans árið 2002. Sjá síðu 2/ - jh

R-listaviðræður:

Samfylking vill meira

STJÓRNMÁL Samfylkingin leggur á það áherslu að opið prófkjör verði haldið meðal borgarbúa þar sem hver flokkur fái aðeins einn fulltrúa tryggðan á sameiginlegan framboðslista flokkanna þriggja í stað þess að hver flokkur fái tryggða tvo fulltrúa. Fulltrúa Framsóknar og Vinstri grænna sætta sig ekki við tillögur Samfylkingarinnar, sem að líkindum verða lagðar fram á fundi viðræðunefndar R-listaflokkanna eftir rúma viku. Sjá síðu 4/ - hb



SPURNING DAGSINS

Aðalsteinn, er Byggðastofnun byggð á sandi?

„Nei, nei, Byggðastofnun er byggð á bjargi traustu.“

Unnið er að endurskoðun á hlutverki Byggðastofnunar. Aðalsteinn Þorsteinsson er forstjóri stofnunarinnar.

Erlendir starfsmenn Impregilo sektaðir í héraði:

Búist við áfrýjun

DÓMSMÁL Tveir erlendir starfsmenn ítalska verktafyrirtækis Impregilo við Kárahnjúka voru dæmdir í gær í Héraðsdómi Austurlands til greiðslu 50 þúsund króna sektar auk sakarkostnaðar hvor fyrir að hafa starfað hér að löggiltri iðngrein án viðurkenningar á starfsréttindum. Annar var verkstjóri smíðaverkstæðis og hinn verkstjóri í rafmagnsdeild.

Þórarinn V. Þórarinnsson, lögmaður mannanna, bjóst við áfrýjun til Hæstaréttar. Hann segir erlendum iðnaðarmönnum nánast gert ómögulegt að fá viðurkennd starfsréttindi hér og benti á að

annar maðurinn hefði í rúm 30 ár starfað sem rafvirki á Ítalíu og í Kanada. „Hann hefur hins vegar hvorki starfað sem stjórnandi fyrirtækis eða sem sjálfstætt starfandi aðili, en samkvæmt íslensku reglunum þarf hann að hafa starfað sem slíkur í að minnsta kosti þrjú ár. Þetta er ómálefnalegt og í andstöðu við grundvallarreglur Evrópuréttarins,“ sagði Þórarinn og taldi að þessi brotalöm ein hefði átt að nægja til sýknuðs yfir mönnum. —ÓKÁ

ÞÓRARINN V. ÞÓRARINSSON Þórarinn kvæðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með dóm Héraðsdóms Austurlands í gær.



Sýknuð af ölvunarakstri:

Fékk vín eftir slysið

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness sýknaði gær konu af ölvunarakstri. Konan hafði ekið á gangandi vegfaranda hjá Fjörukránni í Hafnarfirði. Áfengismagn í blóði hennar var 1,58 prómill.

Konan neitaði sök og sagðist ekki hafa verið ölvuð þegar slysið varð. Hún hefði hins vegar fengið hálfgrert taugaáfall eftir slysið og hefði þá þegið slatta af áfengi af grænlenkum sjómanni sem kom þar að.

Fullyrðing konunnar varð ekki afsönnuð og því sýknaði dómurinn hana. ■



SKINNEY-ÞINGANES Greiðir 10 prósentu arð.

Skinney-Þinganes:

Hagnast um 1,1 milljarð

VIÐSKIPTI Útgerðarfélagið Skinney-Þinganes á Hornafirði skilaði 1.146 milljóna króna hagnaði í fyrra samanborið við 406 milljónir árið 2003. Hagnaður af reglulegri starfsemi var tæpar 700 milljónir króna, sem voru um 28,2 prósent af rekstrartekjum. Fjármagnsliðir og tekjur af hlutdeildarfélögum voru hagstæð um rúman milljarð króna.

Arðsemi eigin fjár á síðasta ári var um 57 prósent en eigið fé jókst úr 2.029 milljónum króna í 3.114 milljónir. Hluthöfum verður greiddur 10 prósentu arður vegna ársins 2004. —eþa

Skilorð og skaðabætur:

Braut glas á andliti manns

DÓMSMÁL 31 árs gamall maður var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að brjóta glas á andliti manns inni á skemmtistaðnum Glaubar í apríllok 2001. Refsingin er skil-orðsbundin í tvö ár, en að auki þarf hann að greiða fórnarlambi sínu tæpar 370.000 krónur í skaðabætur og sakarkostnað upp á rúmar 223.000 krónur.

Maðurinn sem ráðist var á skarst á neðri vör og fimm framtennur brotnuðu. Árásarmaðurinn hefur áður hlotið dóma fyrir umferðarlagabrot og sektir fyrir brot á vopnalögum og lögum um ávana- og fikniefni. —ÓKÁ

Eign fjölskyldu Halldórs meiri en talið var

Ríkisendurskoðandi telur að þótt venslamenn forsætisráðherra hafi átt stærri hlut í Skinney-Þinganesi en áður var talið hafi hann ekki verið vanhæfur til að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum í ráðherranefndinni.

EINKAVÆÐING Ríkisendurskoðandi gat ekki veitt fullnægjandi svör um eignarhald venslamanna forsætisráðherra í Ketillaugu ehf. og eign félagsins í Skinney-Þinganesi á fundi fjárlaganefndar í gær. Að athuguðu máli upplýsti hann eftir fundinn að lögmanni Skinneyjar-Þinganes hefur sést yfir að sumir hluthafar í Ketillaugu, sem áttu rétt um 18 prósent í Skinney-Þinganesi í október árið 2002, væru venslamenn Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra. Samanlagt hefðu venslamenn forsætisráðherra því átt helming í áðurgreindu félagi.

Ríkisendurskoðandi segir í tilkynningu til formanns fjárlaganefndar eftir fundinn, að óbeinn hlutur venslamanna Halldórs Ásgrímssonar í Skinney-Þinganesi hafi því ekki verið um 25 prósent líkt og fram kom í minnisblaði ríkisendurskoðanda síðastliðinn mánudag heldur um 34 prósent.

Ríkisendurskoðandi metur það svo að ofangreindar upplýsingar breyti ekki þeirri niðurstöðu stofnunarinnar að Halldór Ásgrímsson hafi ekki verið vanhæfur til að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum á sínum tíma á vettvangi ráðherranefndarinnar.

Ríkisendurskoðun telur að þetta hafi verið eina atriðið sem hún hafi ekki veitt fullnægjandi svar við á fundi fjárlaganefndar í gær. Að gefnu þessu svari líti stofnunin svo á að málinu sé lokið af hennar hálfu.

Einar Már Sigurðarson, þingmaður Samfylkingarinnar og fulltrúi í fjárlaganefnd, segir að það hljóti að teljast grafalvarlegt að



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Ríkisendurskoðandi telur að nú sé hafi hann gefið svör við öllum þeim spurningum sem fjárlaganefnd lagði fyrir hann um hæfi Halldórs Ásgrímssonar til að fjalla um sölu ríkisbankanna í ráðherranefndinni.



SIGURÐUR ÞÓRÐARSON RÍKISENDURSKOÐANDI Upplýsingar um fjórðungshlut venslamanna forsætisráðherra í Skinney-Þinganesi reyndust rangar.

enn á ný komi í ljós að ekki sé unnt að treysta upplýsingum sem tengist Skinney-Þinganesi í þessu ferli.

Gunnar Ásgeirsson, einn af eigendum Ketillaugar og stjórnarformaður Skinneyjar-Þinganes, gagnrýndi umfjöllun fjölmiðla og stjórnmalamanna á aðalfundi félagsins í gær. Hann sagði að umræðan hefði byggst á upphrópunum og fullyrðingum sem skaðað hefðu ímynd félagsins að ósekju. Skinney-Þinganes gæti ekki borið ábyrgð á misritunum annarra sem virtust hafa þyrllað upp moldviðri. Gunnar sagði jafnframt að hlutdeild Skinneyjar-Þinganes í hagnaði Hesteyrar árið 2002 hefði numið tæpum 74 milljónum króna eftir skatta.

johannah@frettabladid.is



ZALMAY KHALILZAD Sendiherra Bandaríkjaanna í Afganistan segir góðar njósnir þurfa til að hafa hendur í hári Osama bin Laden.

Osama bin Laden:

Ekki í Afganistan

KABÚL, AP Sendiherra Bandaríkjaanna í Afganistan, Zalmay Khalilzad, fullyrkti í gær að hvorki Osama bin Laden né fyrrverandi talibanaleiðtoginn Mullah Omar væru í landinu.

Khalilzad var með þessu að bregðast við fullyrðingum samherja þeirra bin Ladens og Omars, sem fram komu í sjónvarpsviðtali í Pakistan, um að þeir væru í hulu fjöri og Omar stýrði enn skæru-liðum í Afganistan. Á blaðamannafundi í Kabúl varði Khalilzad að enn hefði ekki tekist að hafa hendur í hári bin Ladens. „Það er ekki auðvelt verkefni að hafa upp á einni manneskju á stóru landsvæði. Það krefst góðra njósna.“ ■

Veitt í leyfisleysi:

Brutu lögin í góðri trú

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands sýknaði í gær Humarvinnsluna í Þorlákshöfn fyrir brot á lögum um stjórn fiskveiða. Framkvæmdastjórnin sagðist hafa brotið lögin fyrir mistök, en hann hefði verið nýbyrjaður í útgerð. Átti brotið sér stað sumarið 2003. Hann hefði ekki gert sér grein fyrir því að búið hefði verið að svipta skipið veiðileyfi þegar hann flutti aflaheimildir á það. ■

Mótmæla gæsluvarðhaldsúrskurði Bretans:

Krefjast þess hann verði látinn laus

MÓTMÆLI Efnt var til mótmæla fyrir framan dómsmálaráðuneytið vegna gæsluvarðhaldsúrskurðarins yfir Bretanum Paul Gill. Paul var einn þremminganna sem tók þátt í slettumótmælunum í Nordica-hótelu fyrri í vikunni. Íslendingunum tveimur var sleppt, en Paul var á miðvikudaginn dæmdur í sex daga gæsluvarðhald á Litla-Hrauni. Mótmælendurnir afhentu Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra skjal þar sem úrskurðinum var formlega mótmælt.

Mótmælendurnir kváðust ekki skilja hvers vegna Paul fengi aðra meðferð en Íslendingarnir og sögðu enga skýringu hafa verið gefna á því. Þeir kröfðust þess að hann yrði látinn laus.

„Hvaða skoðun sem menn hafa á aðgerðunum í Nordica má öllum vera ljóst að þessi úrskurður er hróplegt ranglæti,“ segir Elísabet



MÓTMÆLASKJAL AFHENT Björn Bjarnason tók við formlegum mótmælum vegna gæsluvarðhaldsúrskurðarins.

Jökulsdóttir, einn mótmælendanna. „Af hverju er ekki tekið jafnt á málum þeirra allra?“

Samkvæmt upplýsingum lögreglu voru mótmælendurnir um tuttugu þegar mest var.

Alltaf skynsamlegt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is



fersk sending

**Allir eiga að geta gengið að ferskum matvælum vísum
– hvar sem þeir búa!**

Bílar og vörugymslur Landflutninga-Samskipa taka sérstaklega mið af þessu með háþrúðum kælibúnaði sem tryggir að varan kemst alltaf fersk til móttakanda.

Upplýsingar í síma

458 8000

og á landflutningar.is

Tökum það með
trukki



Landflutningar
SAMSKIP

Öflugt dreifikerfi um allt land



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 16.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,95	65,27
Sterlingspund GBP	118,39	118,97
Evra EUR	78,73	79,17
Dönsk króna DKK	10,58	10,64
Norsk króna NOK	10,01	10,06
Sænsk króna SEK	8,50	8,55
Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR XDR	95,13	95,69

Gengisvísitala krónunnar

110,95 -1,23%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ísraelar gagnrýna ESB:

Of mikið rætt við Hamas

ÍSRAEL, AP Ísraelsk stjórnvöld sögust í gær hafa lagt inn formleg mótæmi hjá Evrópusambandinu gegn auknum samskiptum þeirra við hin herskáu Hamas-samtök Palestínunanna. Talsmenn Hamas staðfestu að tengsl við erindreka ESB færust í aukana.

Elena Peresso, talsmaður utanríkismálastjóra ESB, sagði að sambandið hefði ekki tekið ákvörðun um neina stefnubreytingu gagnvart Hamas, en samtökin hafa nýlega styrkt stöðu sína í palestínskum stjórnámálum meðal annars með góðri útkomu í sveitarstjórna kosningum. Hamas er enn á lista yfir hryðjuverkasamtök bæði hjá ESB og Bandaríkstjórn. ■

Dæmdur í fangelsi:

Geymdi þýfi litla bróður

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær þrítugan mann í sjö mánaða fangelsi fyrir að taka við og geyma þýfi fyrir sex árum yngri bróður sinn. Fimm mánuðir refsingarráðs eru skilorðsbundnir í þrjú ár.

Maðurinn tók í byrjun janúar við þremur fartölum hjá yngri bróður sínum, en sá hafði stolið þeim í verslun Office One um nóttina. Bróðirinn mætti með þýfið heim til mannsins klukkan fimm að morgni, en hann tók við þeim og lánaði bróðurnum fyrir leigubíl. Sá hafði stolið fjórum tölvum, en ein varð eftir í ruslagámi við verslunina. - ók

LÖGREGLUFRETTIR

EKIÐ Á STÚLKU Ekið var á stúlkunni á reiðhjól í Skeljabrekku í Kópavogi laust eftir klukkan eitt í gær. Að sögn lögreglu varð stúlkun fyrir einhverjum áverkum á handleggi. Foreldrar stúlkunnar fluttu hana á slysadeild. ■

Fangelsisdómur yfir þremur Pólverjum sem störfuðu án atvinnuleyfis:

Vísað aftur til héraðsdóms

DÓMSMÁL Máli þriggja pólskra verkamanna, sem handteknir voru í mars vegna gruns um að þeir störfuðu hér á landi án atvinnuleyfa, var vísað aftur til héraðsdóms fyrir Hæstarétti í gær. Höfðu mennirnir verið dæmdir hver um sig til mánaðar fangelsisvistar skilorðsbundið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Segur í dóminum að mönnum þremur hafi ekki verið gefin nægur tími til að ákvarða hvort þeir ættu að ráðfæra sig við verjanda áður en þeir tækju ákvörðun um hvort halda skildi uppi vörnum. Hefði héraðsdómari átt að beina þeim tilmælum til manna að

taka sér frest til að ákveða slíkt. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir einnig að af framburði Pólverjanna fyrri dómi verði ekki ráðið að mennirnir hafi skýlaust jatað sakargiftir.

Því var niðurstaðan sú að vísan málinu aftur til Héraðsdóms Suðurlands og fangelsisdómurinn yfir Pólverjunum var dæmdur ómerkur. -aðe

ÁFTUR Í HÉRAÐ Dómur yfir þremur mönnum, sem störfuðu við byggingarvinnu án leyfis, var ógiltur af Hæstarétti og rétta verður að nýju yfir mönnum. Myndin tengist ekki greininni.



Hriktir í stoðum Reykjavíkurlistans

Samfylkingin mun að líkindum leggja til við viðræðunefnd R-listaflokkanna að haldið verði opið prófkjör meðal borgarbúa. Framsókn og Vinstri grænum líst illa á hugmyndir Samfylkingarinnar.

STJÓRN MÁL Á fundi fulltrúaráðs Samfylkingarfélaga í Reykjavík á miðvikudag var almenn sátt meðal fundarmanna um að leggja til að haldið yrði prófkjör meðal flokkanna þriggja, sem standa að R-listanum, þar sem borgarbúar fengju að koma að ákvörðun um vægi einstaklinga og flokka á listanum.

Hugmyndir Samfylkingarinnar munu verða lagðar fram á fundi viðræðunefndarinnar, sem kemur næst saman eftir rúma viku, en Samfylkingin hefur talið að hlutur flokksins í R-listanum eigi að vera töluvert meiri en annarra flokka þar sem flokkurinn mælist með meira fylgi en hinir tveir. Þannig verður að líkindum lagt til að hverjum hinna þriggja verði tryggt eitt sæti af átta efstu sætum en aðrir verða valdir með meirihlutakosningu í prófkjöri.

„Það komu fram sjónarmið á þessum fundi að tryggja sem mest aðkomu Reykvíkinga að þessu frambóði og allt annað er tæknilegar útfærslur. Ýmis sjónarmið í þessa veru hafa heyrst áður frá okkar fólki og eru þekkt. En aðalatriðið er það að stjórnin fékk umboð til að halda viðræðunum áfram,“ sagði Páll Halldórsson, sem var endurkjörinn formaður fulltrúaráðs Samfylkingarinnar á fundinum.

Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi R-listans í Framsóknarflokki, segir að hún geri ekki ráð fyrir að hennar flokkur samþykki slíka tillögu. „Ef þetta er leið sem verður lögð til geri ég ráð fyrir



ANNA KRISTINS-DÓTTIR „R-listinn í uppnámi ef Samfylkingin fer fram sér.“



PÁLL HALLDÓRSSON „Tryggja aðkomu Reykvíkinga að R-listanum.“

því að við viljum fara fram á okkar eigin forsendum en ég get ekki talað nema fyrir sjálfa mig. Ef Samfylkingin ákveður að fara fram sér held ég líka að meiri-

REYKJAVÍKURLISTINN Framsóknarmönnum og Vinstri grænum líst illa á styrkleikamælingar innan R-listans fyrir næstu kosningar.

hlutinn í borginni sé í uppnámi,“ segir Anna.

Svandís Svavarsdóttir hjá Vinstri grænum segir að slík tillaga sé ekki vænlegur kostur. „Ef menn vilja fara í einhverjar styrkleikamælingar innan R-listans er líklega best að hver flokkur geri það á sínum forsendum. Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að flokkarnir ættu að hafa jafna aðkomu að R-listanum,“ segir hún.

hjalmar@frettabladid.is

Ætluðu til Akureyrar:

Bensín þvarr eftir innbrot

DÓMSMÁL Tveir menn, 22 og 25 ára gamlir, voru í Héraðsdómi Austurlands í gær dæmdir í mánaðarfangelsi hvor, en dómarnir eru skilorðsbundnir í tvö ár. Þá er þeim gert að greiða hvor um sig Ólíuverslun Íslands hf. 51.790 krónur með vöxtum. Þeir brutust í félagi við þrjá aðra unga menn inn í sölskála Olís í Neskaupstað í byrjun desember sl.

Meðal þess sem þeir stálu voru DVD-diskar, sígarettupakkar, sólgleraugu, jólasveinahúfur og smokkapakki. Þá stálu þeir bíl og ætluðu til Akureyrar, en skildu við hann bensínlausan nærri Laugum í Reykjadal. ■



GÍSLATÖKUMAÐUR YFIRHEYRDUR Lögreglumenn yfirbuguðu gíslatökumennina eftir að hafa orðið við kröfum þeirra um lausnargjald og farartæki.

Gíslataka í Kambódíu:

Skutu barn til bana

KAMBÓDÍA, AP Fjórir grímuklæddir byssmenn tóku tugi barna í gíslingu í alþjóðlegum skóla nærri Ankor Wat-hofunum í Kambódíu í gær. Mennirnir skutu þriggja ára gamlan kanadískan dreng til bana því hann grét of mikið.

Gíslatökumennirnir kröfðust lausnargjalds, vopna og farartækis sem lögreglan lofaði þeim að lokum en þegar þeir voru komnir inn í bílinn með fjögur barnanna með sér réðst sérsveit til atlögu við þá og yfirbugaði. Við yfirheyrslur sögðust mennirnir hafa gripið til aðgerðanna vegna fátæktar og að þeir hafi ætlað sér að græða á börnum ríkra útlendinga. ■

Hæstiréttur:

Sjö ára dómur staðfestur

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjaness frá janúar um tæplega sjö ára fangelsi Barkar Birgissonar, sem slasaði mann alvarlega þegar Börkur réðst á hann á veitingastaðnum A. Hansen í Hafnarfirði, vopnaður öxi.

Var dómnum áfrýjað þar sem dómsformaður í héraði var talinn hafa verið vanhæfur þegar hann óskaði eftir að Börkur gengist undir geðrannsókn. Féllst Hæstiréttur ekki á rök verjanda mannsins. - aðe

VEÐRIÐ Í DAG


...ÞAÐ ER KOMINN 17. JÚNÍ....

Nú er um að gera að sleikja sjálft sólskinið sunnanlands og vestan. Sumir ætla í skrúðgöngu aðrir eru í ferðalagi og njóta útiveru í fellihýsum, sumarbústöðum nú eða bara úti í garði. Fyrir norðan og austan er gamla góða úlpan kærkomin! HELGARVEÐRIÐ Það eru í sjálfu sér finnar horfur fyrir sunnan og vestanvert landið framan af helgi en sunnudagurinn er hvað sístur því þá gæti dropað all víða, þó síst....ja hvar haldið...sjáfrí borginni



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	16°C alskýjað	Paris	28°C alskýjað	Alicante	29°C heiðskirt
Oslo	21°C alskýjað	Berlín	23°C léttskýjað	Milano	30°C heiðskirt
Stokkholmur	24°C heiðskirt	Frankfurt	25°C alskýjað	New York	26°C þrumur
Helsinki	22°C heiðskirt	Madrid	32°C heiðskirt	San Francisco	17°C skúr
London	24°C léttskýjað	Barcelona	26°C heiðskirt	Orlando/Florida	34°C þrumuveður

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Gönguskór - mikið úrval

Meindl Colorado Lady

Tilboðsverð

14.990 kr.

Verð áður 17.990 kr.



ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Ferðafrelsi Og Vodafone

Nú getur þú notað Frelsið þitt í útlöndum. Skráðu þig í Ferðafrelsi **Og Vodafone** um leið og þú gengur frá vegabréfinu. Skráning í Ferðafrelsi er án aukagjalds.

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smeltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.



Heyrumst!

IBENNA AUGLI PASCATOFANHALS - 060 31114 4512005



KJÖRKASSINN

Óttast þú verðbólgu?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	78%
Nei	22%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Eru Íslendingar að verða of feitir?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Barnaklám í tölvu meints barnaniðings:

Nektarmyndir af litlu stúlkunum

LÖGREGLUMÁL Meðal þess sem lögreglan fann í tölvu reykvískis manns sem sætir nú rannsókn vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn fjórum stúlkubörnum voru nektarmyndir af stúlkunum.

Við rannsókn á tölvubúnaði mannsins fannst mikið af barnaklámefni, að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar, aðstoðaryfirlöggregluþjóns í Reykjavík. Þar á meðal voru nektarmyndir af stúlkubörnunum sem maðurinn er grunaður um að hafa misnotað, þó ekki þeirri yngstu, sem var þriggja ára þegar brotin eru talin hafa verið framin, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Megnið af klámefninu í

tölvu mannsins reyndist hafa verið sótt á erlenda barnaklámvefi og hlaðið þaðan inn á tölvu hans.

Maðurinn, sem er á fertugsaldri, hefur á bakinu fjórar kærur vegna meints ofbeldis gegn stúlkubörnunum fjórum. Stúlkurnar voru á aldrinum þriggja til þrettán ára þegar ofbeldið er talið hafa átt sér stað. Það hafði staðið yfir um árabíl og er maðurinn sakaður um að hafa snert stúlkubörnin eða látið þau snerta sig á ósæmleigan hátt. Maðurinn var yfirheyrður í mars, en gengur nú laus. Sigurbjörn Víðir vildi ekki tjá sig um hvort maðurinn hefði játað eða neitað við yfirheyrslur.



OFBELDI Barnaniðingar víða oft að sér klámefni sem þeir leita uppi erlendis og vista í tölvum sínum. Alþjóðlegt átak stendur nú yfir til að finna framleiðendur slíks efnis, því þeir eru hluti af þeim hópi sem beitar börnin ofbeldi.

Fangauppreisn í Brasilíu:

Fimm fangar hálshögnir

BRASILÍA, AP Endi var bundinn í gær á fangauppreisn í Suðaustur-Brasilíu eftir að fangarnir féllust á að láta tíu gísla lausa heila á húfi, að því er talsmenn fangelsis-yfirvalda greindu frá. Í uppreisninni voru að minnsta kosti fimm fangar hálshögnir af öðrum föngum, en hún hófst sem uppgjör eins fangagengis við annað, að sögn Marcelo Daniel, talsmanns fangelsismálastjóraembættisins í Sao Paulo. Hann sagði hugsanlegt að fleiri lík fyndust. Uppreisnin stóð yfir í 30 tíma. ■

Lútherska kirkjan:

Fjölga konum við stjórn

JAFNRÉTTI Fjölga þarf konum í leiðtogastöðum í lúthersku kirkjunni og vinna að því að auka þátttöku ungs fólks í ákvarðanatöku í lútherskum kirkjum heimsins. Þetta kemur fram í ályktun sem kirkju-leiðtogar lútherskra kirkna í Evrópu samþykktu á þingi sínu í Reykholti í Borgarfirði í vikunni. Um nýttu þátttakendur víðs vegar úr heiminum voru á þinginu og þar á meðal Ishmael Noko, aðalritari Lútherska heimssambandsins. - hb

BANDARÍKIN

SKAUT NÝRÐ ÚR Tólf ára gamall drengur var á miðvikudaginn dæmdur til vistunar á upptökuheimili fyrir að hafa skotið sex ára gamlan strák með þeim afleiðingum að annað nýra þess sex ára er nú ónýtt. Fjölskylda þess eldri var einnig dæmd til að greiða allan hugsanlegan sjúkrakostnað sem gæti fallið á fjölskyldu yngri þiltsins.

Svartsýni á árangur á leiðtogafundi

Sjaldan hefur ágreiningur við upphaf leiðtogafundar Evrópusambandsins verið djúpstæðari en nú. Frakklandsforseti kallar eftir sérstökum fundi um framtíð sambandsins.

EVROPUSAMBANDIÐ, AP Við upphaf tveggja daga leiðtogafundar Evrópusambandsins í Brussel í gær kallaði Jacques Chirac Frakklandsforseti eftir því að efnt yrði til sérstaks leiðtogafundar aðildarríkjanna 25 um framtíð sambandsins.

Chirac sagði að forystumenn ESB-landanna yrðu að leggja það niður fyrir sér hvernig fara mætti að því að „brúa þá gjá sem annars er hætt við að víkji enn milli Evrópu[sambandsins] og borgara þess“. Þessi gjá varð auglýsingleg er franskir og hollenskir kjósendur felldu stjórnarskráarsáttmála ESB í þjóðaratkvæðagreiðslum, þvert á vilja ráðamanna.

„Þetta er einn erfiðasti leiðtogafundur sem við höfum nokkru sinni haldið,“ sagði Jean Asselborn, utanríkisráðherra Lúxemborgar, sem er nú að ljúka formenskumisseri sínu í sambandinu. Við upphaf fundarins var svartsýni ríkjandi um að á honum tækist að ná samstöðu um hvað gera skyldi til að komast yfir kreppuna sem synjanirnar tvær hafa orsakað.

Annað stórt deilumál varpaði líka skugga á.

„Ég held að það náist ekki samkomulag um fjárlögin; ágreiningurinn er of mikill,“ sagði sænski forsætisráðherra, Göran Persson, er hann mætti til fundarins.

Stefnt hafði verið að því að á fundinum myndu leiðtogarnir samþykkja fjárlagaramma sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013. Í drögum um að því sam-



BROSAD ÞRÁTT FYRIR ÁHYGGJUR Jacques Chirac Frakklandsforseti og Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, formenskuríkis ESB, gátu slegið á léttari strengi er þeir heilsuðust við upphaf leiðtogafundarins í gær, þrátt fyrir svartsýnina sem ríkir á að hann skili árangri.

komulagi var gert ráð fyrir því að endurgreiðslur sem Bretar hafa fengið úr sameiginlegum sjóðum sambandsins yrðu afnumdar í áföngum, sem liður í allsherjarendurskoðun á fyrirkomulagi fjármögnunar hins stækkaða Evrópusambands. Þessu hafnar breska stjórnin alfarið. Utanríkisráðherra Jack Straw itrekaði við komuna til Brussel að ekki kæmi til greina af Breta hálfu að

fallast á þau drög að málamiðlun sem fyrir lægju.

Ef svo skyldi fara að fundinum ljúki án áþreifanlegs árangurs í að leysa þessar deilur myndi það ýta enn undir þá tilfinningu meðal íbúa sambandsins, og ekki síður í löndum utan þess, að sambandið sé orðið áttavíllt og óvissa viðvarandi um framtíðarstefnu þess.

audunn@frettabladid.is

Vörubíll með hlass:

Fastur undir Höfðabakkabrú

LÖGREGLA Vörubifreið með tengivagn festist undir Höfðabakkabrú yfir Vesturlandsveg um klukkan tuttugu mínútur fyrir 12 í gær-dag. Ökumaður bifreiðarinnar hafði ekki gætt að því að farmur tengivagnsins var hærri en svo að hann kæmist undir brúna og því fór sem fór.

Ekki taldi lögregla að tjón hafi orðið vegna atviksins, en á meðan vagninn var losaður hægði þó verulega á umferð því bíllinn teppti eina akreina. Að sögn lögreglu hefur verið nokkuð um að vörubílstjórar sýni ekki næga aðgát varðandi hæð hlass eða tengivagna þegar ekið er undir brýr.

-óka

Menntaskólanemi í Kansas:

Kærður fyrir „æluárás“

BANDARÍKIN Bandarískur menntaskólanemi, sem kastaði upp á spænskukennarann sinn, hefur nú verið ákærður fyrir líkamsárás.

Neminn bar því við að uppköstin hefðu verið slys, orsökðu af prófstreitu. En saksóknarar segja að vitni beri að drengurinn hafi vísvitandi ælt á kennarann, að því er greint er frá á fréttavef BBC.

„Ég tel að bæði skólayfirvöld og saksóknaraembættið séu að senda ótvíræð skilaboð um að svona hegðun verði ekki liðin,“ tjáði kennarinn, David Young, AP-fréttastofunni. ■

BANDARÍKIN

FULL LÖGGA Lögreglumaður í Fayetteville í Norður-Karólínu hefur verið fundinn sekur um að hafa sjálfur ekið undir áhrifum áfengis. Í refsiskyni var honum víkið tímabundið úr starfi þar til rannsókn málsins er lokið.

Utanríkisráðherra Danmerkur um Alþjóðahvalveiðiráðið:

Danir styðja afnám banns

HVALVEIÐAR Eina leiðin til að vernda hvali er að afnema hið algera bann við veiðum í atvinnuskyni sem verið hefur í gildi frá því árið 1986. Þetta hefur danska blaðið Politiken eftir Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur.

Þar með liggur fyrir að Danir muni styðja tillöguna um afnám veiðibannsins er hún verður borin undir atkvæði á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem hefst í Suður-Kóreu á mánudaginn.

Møller skýrði frá þessari afstöðu Danmerkurstjórnar á fundi með umhverfisnefnd danska þingsins. Að sögn ráðherrans er nauðsynlegt að afnema bannið til að tryggja að Alþjóðahvalveiðiráðið haldist starfhæft.

„Ef við höldum fast í bannið mun ráðið klofna í sundur,“ sagði



HVALVEIÐAR Danir hafa snúið við blaðinu í afstöðunni til afnáms bannsins við hvalveiðum í atvinnuskyni.

Møller. Að hans sögn hafa fulltrúar Dana á ársfundinum fengið þau fyrir mæli að beita sér fyrir því að ráðið ákveði árlegan veiðikvóta sem það muni síðan hafa eftirlit

með. Kvótar til svonefndra vísindaveiða verði teknir með í nýja kvótann sem hverju hvalveiðilandi verði úthlutað.

- aa

Sjóræningjaskip að veiðum:

Sáust tvö á karfaslóð

SJÁVARÚTVEGUR Nokkur skip sáust í eftirlitsflugi TF-SYN, flugvélar Landhelgisgæslunnar, á karfaslóð á Reykjanesshrygg utan íslenskrar lögsögu í gær. Um ölfuskip, flutningaskip og veiðiskip var að ræða og eru tvö skipanna svokölluð sjóræningjaveiðiskip. Öll hin skipin

eru á skrá hjá Norðausturatlants-hafsfiskveiðiráðinu.

Hafsteinn Heiðarsson, flugstjóri TF-SYN, náði myndum af skipunum á meðan þau voru að afhafna sig bæði við umskipun og olíuáfyllingu.

- óa



SJÓRÆNINGJASKIPID OYRA Tvö sjóræningjaskip sáust á veiðum á karfaslóð skammt utan við íslenska lögsögu í eftirlitsflugi Landhelgisgæslunnar í dag.

Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka, og sokkabuxur án VSK.

Dagana 17.-19. júní afnemunni við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

Opið í dag
í Smáralind, Skeifu
og Garðabæ
frá 12-18.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmitilegast að versla



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvar verður Markús Örn Antonsson sendiherra í haust?
- 2 Hvað er langt síðan komur á Íslandi fengu kosningarétt?
- 3 Í hvaða borg er Wimbledon-mótið í tennis haldið?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Sameiginleg yfirlýsing allra háskóla:

Akademískt frelsi mikilvægasta skuldbindingin

MENNTAMÁL Rektorar allra háskóla á landinu undirrituðu í gær sameiginlega yfirlýsingu um forsendur og frelsi háskóla. Samkvæmt henni er ein mikilvægasta skuldbinding háskóla sú að standa vörð um akademískt frelsi sem sé forsenda þess að háskólastarf þróist áfram.

Akademískt frelsi felur það í sér, samkvæmt yfirlýsingu, að einstaklingur geti leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga á hættu að það bitni á starfsöryggi hans eða öðrum mikilvægum hagsmunum.

Einnig er kveðið á um þá stjórnunarhætti sem standa vörð um akademískt frelsi og jafnframt er kveðið á um fjárhagleg skilyrði þess að háskólar geti sinnt hlutverki sínu.

Þeim skuli heimilt að skapa sér sína eigin tekjustofna, ákveða sjálfir hvernig þeir fara með sjálfsafslátt sinn og stofna fyrirtæki sjálfum sér til hagsbóta. Ennfremur lýsa háskólarnir því yfir að það sé hlutverk ríkisvaldsins að tryggja jöfn tækifæri til náms.

- grs



FRÁ UNDIRRITUNINI Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, og Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík



VEGURINN UM ALMANNASKARD Á þjóðveginum meðfram Höfn hafa orðið slæm slys vegna lausagöngu kinda og ástandið er síst betra nú en það var.

Hornafjörður:

Varað við fé á vegi

SAMGÖNGUR „Sauðfé er farið að sýna sig á þjóðveginum og fólki vissara að hafa varann á þegar ekið er hér um,“ segir Reynir Gunnarsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Hornafirði.

Slæm slys hafa orðið á þjóðveginum meðfram Höfn vegna lausagöngu sauðkinda en bændur virðast lítið skeyta um að laga girðingar sínar til að koma í veg fyrir slíkt. Nú styttest í að Almennaskarðsgöngin verði formlega opnuð fyrir umferð en Reynir segir að búið sé að girða af í kringum göngin og ættu kindur því ekki að komast þar inn. - aðe

HÆSTIRÉTTUR

ENGIN LÖG BROTIN Sveitarstjórn Norður-Héraðs fór að lögum þegar sameining sveitarfélagsins Fellahrepps og Austur-Héraðs stóð fyrir dyrum og því hafnaði Hæstiréttur í gær kröfu átta einstaklinga sem kröfðust þess að staðfesting félagsmálaráðuneytisins á sameiningunni yrði dæmd ógild. Töldu íbúarnir að fjárhagslegar forsendur sameiningarinnar væru brostnar og því bæri að kjósa að nýju en Hæstiréttur féllst ekki á þann málflytning.

Ógnvænlegt ástand

Offita er samfélagslegt vandamál, sem allir verða að taka saman höndum gegn, segir Anna Björg Aradóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu. Hún segir ástandið hér á landi ógnvænlegt.

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta er ógnvænlegt ástand,“ segir Anna Björg Aradóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu, um þá staðreynd að nær 400 offitusjúklingar skuli vera á biðlista eftir meðferð hjá Reykjalundi og offituvandinn herji á æ fleiri landsmenn, börn og fullorðna.

Ludvig Guðmundsson yfirlæknir á Reykjalundi sagði í Fréttablaðinu í gær, að samkvæmt þjónustusamningi við ríkið væri gert ráð fyrir þjónustu við 25 offitusjúklinga á ári. Vegna sívaxandi ásóknar þyrfti Reykjalundur að taka inn 100–110 manns á ári, einungis til að sinna brýnustu þörfinni.

„Það er vitað að þetta skerðir mjög lífsgæði þess fólks sem á við þennan sjúkdóm að etja,“ segir Anna Björg. „Í öðru lagi er það gífurlegur kostnaður fyrir samfélagið ef þessi þróun heldur áfram með öllum þeim sjúkdómum sem fylgja offitu svo og þeirri viðleitni að reyna að ráða bót á meininu.“

Anna Björg segir, að vitað sé að meðferðin á Reykjalundi, sem oftast leiðir til aðgerðar á Landspítala háskólasjúkrahúsi, skili árangri. Frá faglegu sjónarmiði þurfi því að bregðast við aukinni meðferðarþörf með auknum afköstum á Reykjalundi.

„Landlæknisembættið myndi jafnframt vilja leggja áherslu á að snúa þessari þróun við með forvörnum, þannig að fólki sem á við þennan vanda að stríða, fækki. Við myndum vilja vinna með börn og ungmenni þannig að dregið yrði úr líkum á því að þau yrðu feitt fullorðið fólk. Þetta er samfélagslegt vandamál og landlæknisembættið vill gjarnan vinna með Lýðheilsustöð að því að fá



MARKAÐURINN Markaðurinn er sagður þrýsta gífurlega á börn og unglunga um að neyta alls kyns óhollustu.

heilsugæsluna, skólasamfélagið, foreldra og aðra þá sem eru að vinna með börnum og ungmennum til að veita þeim stuðning til heilsusamlegs lífs. Þess ber að geta að ríkisstjórnin hefur falið Lýðheilsustöð að móta aðgerðaáætlun gegn þessari offitubróun.“

Anna Björg bætir við að hvetja þurfi markaðinn til að líta í eigin barm og gera sér grein fyrir að hann beri ábyrgð á þróun mála. Gífurlegur þrýstingur sé á börn og unglunga um að neyta alls konar óhollustu hvort sem sé í formi matar eða drykkjar. jss@frettabladid.is

Íslandsbanki:

Sprengjugabb

LÖGREGLA Lögregla var kölluð í útibú Íslandsbanka við Lækjargötu í Reykjavík skömmu fyrir hádegi í gær vegna miða sem starfsmenn bankans töldu vera sprengjuhótun.

Reyndist um gabb eða misheppnað spaug að ræða en að sögn lögreglunnar í Reykjavík skrifaði nítján ára gamall maður á miðann. Lögregla tók miðann með sér og telst málið upplýst.

Þá barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um innbrot í bíl við Súluhöfða klukkan átta í gærmorgun, en úr honum hafði verið stolið hljómflytningstækjum um nóttina. Nokkuð hefur verið um innbrot í bíla í Reykjavík síðustu vikurnar. - ók

Ráðstefna um öldrun:

Er ellin of dýr?

EFNAHAGUR „Höfum við efni á ellinni?“ er yfirskrift alþjóðlegrar ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands sem hófst í gær. Þekktir hagfræðingar koma fram á ráðstefnunni, þeirra á meðal Róbert Mundell, sem hlotið hefur Nóbelsverðlaun í greininni.

Hækkandi meðalaldur þjóða og áhrif hans á útgjöld til heilbrigðismála verða til umræðu á ráðstefnunni, auk þess sem spurningunni um hvort þróunin muni valda verulegum erfiðleikum í efnahagsmálum verður velt upp. Ráðstefnunni lýkur síðdegis í dag. - ht

HONG KONG

NÝR ODDVITI KJÓRINN Donald Tsang hlaut í gær útnefningu í embætti æðsta stjórnanda Hong Kong. Hann hlaut 85 af hundruði atkvæða 796 manna kjórmanna-samkomu.

Hótelkeðja á Vesturlandi:

Stærra hótél í Hólminum

FERÐAÞJÓNUSTA Hótél Stykkishólmi stækkar um rúmlega helming þegar nýbygging hótelsins verður tilbúin á næstu dögum. Nýja byggingin verður alls þrjár hæðir en þegar hefur neðsta hæðin verið opnuð en eftir stækkunina verða alls átta hæðir á hótelinu en voru fyrir hana rúmlega þrjátíu. Sömu eigendur eru að Hótél Stykkishólmi og Hótél Borgarnesi og munu hótelin tvö hafa um hundrað og fimmtíu herbergi samanlagt og verða þannig stærsti aðilinn í framboði á gistirými á Vesturlandi.

Að sögn Guðna Halldórssonar, hótélstjóra á Hótél Stykkishólmi, hafa framkvæmdirnar gengið vel. „Við opnuðum neðstu hæðina á dögum og næstu tvær hæðir verða teknar í notkun á næstu dögum. Þetta eru glæsileg herbergi og við erum afar ánægðir með framkvæmdina. Við álitum



HÓTELSTJÓRAR Máni Eskur Bjarnason aðstoðarhótélstjóri og Guðni Halldórsson hótélstjóri fyrir framan nýju bygginguna.

að hér sé ört vaxandi ferðamannabær með allri náttúrufergurð Breiðafjarðar og með stækkuninni teljum við að við séum að uppfylla kröfur ferðaþjónustunnar,“ segir Guðni. -hb

Gríðarleg vatnsnotkun á höfuðborgarsvæðinu:


Golf- og fótþvottavellir vökvaðir

VEDUR Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur er meðalvatnsnotkun á þessum síðustu þurrkatímum 85.630 þúsund tonn á sólarhring á meðan meðalvatnsnotkun í vætutíð er 47.520 þúsund tonn á sólarhring. Það má því teljast nokkuð ljóst að garðaeigendur eru að vökva mikið í þurrkatið. Einnig verður að taka með í reikninginn að á meðan ekkert rignir eru golf- og fótþvottavellir vökvaðir mikið og reglulega.

Þórólfur Jónsson hjá garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar segir að undanfarið hafi mikið þurft að vökva sumarblóm, ekki síst þau sem eru í kerjum og kórfum og nýgróðursett tré enda þau mjög viðkvæm fyrir þurrki. Hann segir þó að ekki sé verið að vökva grasbletti. Aðspurður segir hann þó að ekki verði vandræði með að hafa sumarlegt 17. júní. -óá



GÓÐVIDRISDAGUR Í NAUTHÓLSVÍK Sóldýrkendum hefur sennilega þótt tíðin góð undanfarið en fyrir viknið er vatnsnotkun þeim mun meiri.



við erum með

opið

þegar aðrir loka

opið í öllum
verslunum 10-11 á
þjóðhátíðardaginn

1011

...þegar þér hentar

Úrslitin ráðast í líbönsku kosningunum á sunnudag:

And-sýrlensku flokkarnir í erfiðri stöðu

BEIRÚT, AP Allt útlit er fyrir afar spennandi lokaumferð líbönsku þingkosninganna á sunnudag. Óvæntur sigur Michel Aoun, fyrrverandi hershöfðingja, kom eins og köld vatnsgusa framan í and-sýrlensku flokkana sem búist hafði verið við að ynnu yfirburðasigur í kosningunum. Þeir reyna nú að ná vopnum sínum aftur.

Fyrir kosningarnar á sunnudag í Mið- og Austur-Líbanon vantaði flokka Saad Hariri, sonar Rafik Hariri sem ráðinn var af dögum í febrúar, og Walid Jumblatt, leiðtoga drúsa, 46 þingsæti til að ná meirihlutunum á líbanska þinginu en þeir hafa leitt

andstöðuna gegn Sýrlendingum.

Óvæntur sigur flokks Michel Aoun og gott gengi Hizbollah í Beqa-dalnum gerði hins vegar vonir þeirra að engu og því vantar þá enn níttján sæti. Það gæti þó hafist á sunnudag þegar kosið verður í norðurhluta landsins um 28 sæti. Í gær reyndu þeir félagar að stappa stálinu í stuðningsmenn sína.

Michel Aoun leiddi á sínum tíma vopnaða baráttu gegn Sýrlendingum en var sendur í útlegð eftir að hafa verið sigraður. Hann stormaði hins vegar óvænt inn í líbönsk stjórnsmál fyrir aðeins fimm vikum og gerði bandalag við stuðningsmenn Sýrlendinga. ■



MICHEL AOUN Endurkoma hans í líbanskt stjórnsmálalíf hefur valdið talsverðum usla.

Jón Baldvin Hannibalsson:

Ummæli úr viðtali ómerkt

DÓMSMÁL Ummæli Jóns Baldvins Hannibalssonar sendiherra sem hann viðhafði í DV um fyrrum tengdason sinn Marco Brancaccia, yfirmann ítölsku fréttabjónustunnar ANSA í Mið-Ameríku, voru á miðvikudag ómerkt í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Jón Baldvin sagði í viðtali við blaðið í fyrra að Marco hefði hótad honum og Bryndísi Schram eiginkonu hans lífláti. Þau ummæli kærði Marco. Guðrún Helga Brynleifsdóttir, lögmaður Marcos, segir að honum hafi ekki verið dæmdar skaðabætur í málinu, en málskostnaður falli á Jón Baldvin.

Hvorki náðist í gær í Jón Baldvin né lögmann hans, Reimar Pétursson.

- óká

Stafræn vegabréf:

Bandaríkin veita lengri frest



MICHAEL CHERTOFF Heimavarnaráðherra Bandaríkjanna.

BRETLAND, AP Bandarísk yfirvöld hafa ákveðið að gefa borgurum 27 landa sem hafa mátt ferðast til Bandaríkjanna án vegabréfsáritunar, þar á meðal Íslands, eins árs lengri frest til að verða sér úti um vegabréf sem uppfylla nýjustu öryggiskröfur.

Til hafði staðið að frá 26. október á þessu ári yrðu allir sem ferðuðust áritunarlaust vestur um haf að hafa slíkt tölvulesanlegt vegabréf, sem inniheldi lífkenni. Í stað þess hafa löndin 27 heitið að innleiða hina nýju vegabréfataekni innan hins framlengda frests.

Michael Chertoff, heimavarnaráðherra Bandaríkjanna, sagði á innanríkisráðherrafundi G8-hópsins í Sheffield í Englandi í gær að stjórnvöld í Bandaríkjunum og löndunum 27 myndu vinna saman að því að tryggja að nýja stafræna vegabréfataeknin komist til framkvæmda. ■



VÆNTANLEGT BYGGINGASVÆÐI Horft yfir svæðið þar sem nýtt hverfi mun rísa. Nýja hverfið verður fellt að þeirri byggð sem fyrir er en ekki öfugt.

Nýtt hverfi rís við Elliðavatn

Úthlutun Kópavogsbæjar á byggingarétti í nýju hverfi, Þingum, við sunnan- og vestanvert Elliðavatn hófst í gær.

SKIPULAGSMÁL Úthlutun á lóðarétti í íbúðabyggðinni í Þingum við suðvesturhluta Elliðavats hófst í gær, fimmtudaginn 16. júní og er umsóknarfresturinn til fjórða júlí. Lóðaúthlutun á að vera lokið í júlí og hefja á byggingarframkvæmdir næsta vor. Gert er ráð fyrir að hverfið byggist upp á tveimur til þremur árum. Gert er ráð fyrir 276 íbúðum á deiliskipulagssvæðinu sem er 37 hektarar.

Lóðunum verður úthlutað af bæjarráði Kópavogs í samræmi við reglur frá árinu 2002 sem finna má í heild sinni neðst til hægri á www.kopavogur.is. „Við erum með mjög stífar reglur fyrir umsækjendur,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi. Bæjarráð Kópavogs fer yfir umsóknirnar á bæjarráðsfundi með hliðsjón af reglunum. Samkvæmt þeim er til að mynda óheimilt að framselja lóð fyrir en hús er fohelt, einstaklingar þurfa að leggja fram skriflega staðfestingu frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og ekki má mismuna umsækjendum eftir búsetu. Bæjarráði er heimilt að taka tillit til sérstakra aðstæðna umsækjanda.

Samkvæmt reglunum á að draga á milli umsækjanda ef ein-

VERÐ Á LÓÐUM Á SVÆÐINU:

(ath: meðalverð)

Einbýlishúsalóð	7.800.000
Einbýli með hesthúsi	9.900.000
Par- og raðhús	5.500.000
Íbúð í klasa	3.100.000

Auk lóðaverðs bættast við úttektargjöld og fleira samkvæmt gjaldskrá.

hverjir reynast jafnir að loknu mati. Ef tvær eða fleiri umsóknir um lóð eru jafnar að loknu mati á þeim er dregið á milli þeirra í bæjarráði. „Við höfum þó aldrei dregið enn,“ segir Gunnar, sem á ekki von á því að til þess komi.

Ekki liggur fyrir hve langan tíma tekur að fara yfir umsóknirnar, en það fer að mestu eftir því hve margar þær verða. Gunnar vill engu spá fyrir um það hve margir muni sækja um lóðir en segir þó „Við erum vinsælir.“

Einnig verður öldrunarþorp á vegum DAS á svæðinu og er gert ráð fyrir 140 íbúðum í því, auk þjónustumiðstöðvar fyrir aldraða með 160 sjúkrahúsum. Leikskóli fyrir Vatnsendasvæðið verður jafnframt í hverfinu.

grs@frettabladid.is



VÆNTANLEG ÍBÚÐARBYGGÐ Í ÞINGUM VIÐ ELLIÐAVATN Gert er ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð auk leikskóla á svæðinu. Byggðin á að vera lágreist og gert er ráð fyrir um 25 íbúum á hvern hektara.

GISMO

OPNAR Á LAUGARDAGINN

Loksins á Íslandi

Poker, playboy, steggjavörur, sniðugar gjafavörur fyrir heimilið, skrifstofuna, baðherbergið og margt margt fleirra

Þjóðhátíð í Reykjavík 17. júní 2005

Ítarleg og tímasett dagskrá er á www.17juni.is



- Kl. 10.00 Í kirkjugarðinum við Suðurgötu**
Forseti borgarstjórnar leggur blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar.
- Kl. 10.40 Hátíðardagskrá á Austurvelli**
Ávörp: Halldór Ásgrímsson og Anna Kristinsdóttir / Forseti Íslands leggur blómsveig að minnisvarða Jóns Sigurðssonar / Ávarp fjallkonunnar / Kórsöngur og lúðrasveitarleikur.
- Kl. 11.20 Guðsþjónusta í Dómkirkjunni**
- Kl. 13-17 Tjörnin og umhverfi**
Í Hljómskálagarði verður Skátaland með leiktæki, þrautabrautir og fleira / í Hallargarði verður Sumargrín ÍTR, fimleikar, glíma, skyldingar, spákonur og Pepsi pönnubolti í boði Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar.
- Kl. 13-16 Akstur fornbíla og sýning Miðbakka**
- Kl. 13.00 Verðlaunaafhending menntaráðs í Ráðhúsi**
- Kl. 13-18 Tónleikar á Austurvelli**
Tónleikar í boði NASA þar sem fram koma eftirtaldir: Hljómsveitin Ég, Ísafold, Bermuda, Spútnik, Sessý og Sjonni, Love Guru og fleiri.
- Kl. 13.40 Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg að Ingólfstorgi**
- Kl. 13.45 Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarði**
- Kl. 14-18 Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli**
Klaufar og kóngsdætur, Skoppa og Skríttla, Hans klaufi, Perlan, Jazzballettskóli Báru, barnasöngleikurinn Annie, 5th Element, Danshópur Yesmine Olsson, Múlan Rús, Selma Björnsdóttir, Söngvaborg, Space Cowboy, Nylon, Örlagaegginn og Gunnir og Felix.
- Kl. 14-18 Dagskrá á Ingólfstorgi**
Hopp og skopp leiktæki, dansleikur í umsjón Komið og dansið, danshópurinn Svið Group og hljómsveitin Llama.
- Kl. 14 og 14.30 Brúðubíllinn í Hljómskálagarði**
- Kl. 14-17 Uppákomur víðsvegar um miðbæinn**
Kl. 14-15 Götuleikhús í Lækjargötu.
Kl. 14-17 Myndlistarinnsetningin Hýðið, Listahópurinn Siggí og Íslenski þjóðsöngurinn á Austurvelli.
Kl. 14-17 Afmyndað afkvæmi hugarfósturs í Kaffi Hljómalind.
Kl. 14.30-17 Sólskoðun á útitafinu í Lækjargötu.
Kl. 16.00 Adrenalín gegn rasisma í Austurstræti.
- Kl. 14.00 Keppni í truckadrætti við Ráðhúsið**
- Kl. 14.30 Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur**
Kvennakór Reykjavíkur, strengjakvartettinn Loki, Gestalæti, Snarsveit Reykjavíkur og hópurinn Íslendingar.
- Kl. 15.00 Dagskrá í Hljómskálagarði í boði Skátalands**
Skoppa og Skríttla, Hildur Vala, Space Cowboy og Nylon.
- Kl. 15.00 17. júnímót Brokeyjar í siglingum við Sæbrautina**
- Kl. 18-22 Tónleikar á Arnarhóli**
Mjól, 6 og Fúnk, The Dyers, Mania Locus, We Painted The Walls, KK Band, Hjalmar, Írafár, Papar, Stuðmenn og Mínus.
- Kl. 20.00 Harmóníkuball í Ráðhúsi**
Léttuveit Harmóníkufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi.
- Kl. 20.00 Circus Circör í Borgarleikhúsinu**

Skipulagt hátíðarsvæði er Kvosin þ.á m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði.

Upplýsingar um týnd börn í Hinu Húsinu Pósthússtræti 3-5, sími 520 4600



skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Reifaðar hafa verið hugmyndir um að ákvæði um þjóðaratkvæði verði í endurskoðaðri stjórnarskrá.

Aukum lýðræðið

Í dag halda landsmenn upp á það að 61 ár er liðið frá lýðveldisstofnuninni á Þingvöllum. Margt hefur breyst síðan þá, því segja má að mannlífið hér á landi hafi flust úr sveit í borg á þessum árum sem liðin eru og nú er það ekki spurning hvor hafi vinninginn, sveitin eða borgin, því nú er þetta orðið spurning um hvort ungt fólk setjist að hér á landi eða erlendis. Við þurfum því að vera samkeppnishæf á alþjóðavettvangi.

Það er ekki aðeins að búsetuskilyrðin hafi breyst mjög mikið, heldur líka lifnaðarhættir og hugsunarháttur fólks. Umræðan er orðin opnari og fjölbreyttari og meira lýðræði er orðið áberandi. Lagasetningar undanfarinna ára hafa stuðlað að meira lýðræði, en margt er enn óunnið á þeim vettvangi.

Geir H. Haarde, fjármálaráðherra og varaformaður stjórnarskráarnefndarinnar, sagði við lok ráðstefnu um stjórnarskrána um síðustu helgi að sér þætti talsverður áhugi fyrir því að tekin yrðu upp í stjórnarskrána ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér er um að ræða áhugavert atriði sem vert er að rætt verði ítarlega. Það á svo eftir að koma í ljós hvernig þetta ákvæði verður í stjórnarskránni, en grundvallaratriði er að það auki lýðræði hér á landi.

Stjórnarskráarnefnd forsætisráðherra undir forystu Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur nú verið að störfum í nokkra mánuði og bryddað upp á athyglisverðum nýjungum í starfsemi sinni. Frjálsum félagasamtökum hefur verið gefinn kostur á að koma fram með tillögur að breytingum á stjórnarskránni, þótt þau eigi ekki aðild að stjórnarskráarnefndinni sjálfri. Þannig hefur verið opnað fyrir að breytingartillögurnar komi ekki allar úr eldhúsum stjórnsmálaflokkanna, og taki þá einkum mið af sjónarmiðum og hagsmunum þeirra. Þegar gerðar hafa verið breytingar á stjórnarskránni hvað varðar kjördæmaskipan og í framhaldi af því breytingar á kosningalögum á undanföllum árum hefur löngum viljað brenna við að breytingarnar beri keim af hagsmunum starfandi stjórnsmálaflokka og jafnvel því hvernig staða einstakra þingmanna yrði eftir breytingar. Slíkt nær að sjálfsgöðu ekki nokkurri átt. Við núverandi endurskoðun á stjórnarskránni hefur ekki verið rætt sérstaklega um breytingar á kjördæmaskipan eða fjölda þingmanna, enda tiltölulega stutt síðan þeim hlutum var breytt. Öll stjórnarskráin er að vísu undir, eins og forsætisráðherra tók fram þegar tilkynnt var um nýja stjórnarskráarnefnd, seint á síðsta ári. Fram að því hafði einkum verið talað um endurskoðun á margumræddri 26. grein, þar sem fjallað er um staðfestingu eða synjun forseta Íslands á lagafrumvörpum sem samþykkt hafa verið á Alþingi.

Meðal athyglisverðustu hugmyndanna sem komið hafa fram í umræðunni nú um endurskoðun stjórnarskrárinna, er um þjóðaratkvæðagreiðslu. Geir H. Haarde, fjármálaráðherra og varaformaður stjórnarskráarnefndarinnar, sagði við lok ráðstefnu um stjórnarskrána um síðustu helgi að sér þætti talsverður áhugi fyrir því að tekin yrðu upp í stjórnarskrána ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér er um að ræða áhugavert atriði sem vert er að rætt verði ítarlega. Það á svo eftir að koma í ljós hvernig þetta ákvæði verður í stjórnarskránni, en grundvallaratriði er að það auki lýðræði hér á landi.

Gleðilega hátíð!



Talstöðin
FM 90,9

LAUGARDAGSMORGUNN
í umsjón Eiríks Jónssonar.
Alla laugardagsmorgna kl. 10.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ávöxtun bara bærileg

Skinney-Þinganes hélt aðalfund sinn í gær. Auk þess að kynna hagnað og breytingar á skipastóli félagsins fjallaði stjórnarformaður félagsins, Gunnar Ásgeirsson, í ræðu sinni um hlutverk fyrirtækisins í fjölmiðlum að undanförunu. Þar sagði hann að fréttamenn og stjórnmálamenn hafðu „hver apað vitleysuna eftir öðrum“, sérstaklega hvað varðar hlutdeild Skinneyjar í hagnaði Hesteyrar á árinu 2002. Þar segir hann að hagnaður Skinneyjar hafi verið tæpar 74 milljónir eftir skatta, og að „bókfært verð eignarhlutans í Hesteyri ehf. nam kr. 541.678.422 í árslok 2002“. Ávöxtun af þessari fjárfestingu hafi verið svipuð og hluthafar í mörgum félögum fengu af sínu fé á þessum tíma.

En hvað græddu þeir?

Það sem Gunnar reyndar útskýrir ekki í þessari ræðu sinni er, eins og margt hefur komið fram, hver hagnaður Hesteyrar var af því að selja 22,53 prósentu hlut sinn í Keri Örfám dögum fyrir samning um sölu Búnaðarbankans og fá í staðinn 25 prósentu eignarhlut í VÍS. Þar sem þetta voru skipti á bréfum er óljóst hvert virði þeirra var á markaði akkúrat á þeim tíma. Frjáls verslun áætlaði í greinum sínum um hófadyn á Hesteyri í lok árs 2002 að bréfin í VÍS hefðu verið 700 milljónum meira virði en bréfin í Keri. Ársreikningar Skinneyjar-Þinganes ársins 2002 segja lítið til um þessar hugleiðingar.

Hesteyri fjárfestir

Þetta virðist hafa verið ágætis fjárfesting hjá Hesteyri í VÍS. Þegar eignarhaldsfélagið Gætur gerði yfirtökuþing í VÍS 15. nóvember 2004, á genginu 49, var hlutur Hesteyrar 167.617.500 krónur að nafnvirði, eða rúmlega átta milljarðar að raunvirði, og var Hesteyri þá stærsti einstaki hluthafinn. Hesteyri hefur leitað annarra leiða í fjárfestingum og á nú meðal annars orðið 18 prósent í Skinney-Þinganesi. En það félag „er öflugt útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem hefur lagt metnað sinn í uppbyggingu, aukningu aflahéimilda, betri húsakynni og búnað, betri skip og síðast en ekki síst; betri aðbúnað starfsfólks,“ eins og sagði í ræðu Gunnars í gær.

svanborg@frettabladid.is

Samsærisfélagið

Árið 1950 kom út hjá Bókautgáfunni Neistum þykk bók sem var sérprent úr Þjóðviljanum. Bókin var eftir þá Michael Sayers og Albert Kahn og bar þann tilkomumikla titil: *Samsærið mikla gegn Sovétríkjunum*. Ekki er tilefni til að rekja hér innihald bókarinnar að öðru leyti en því, að þar var hansinn tekinn upp fyrir sovétkerfið og mál reifuð út frá sjónarhóli þess. Tilgangurinn með því var að auka skilning milli þjóða og koma í veg fyrir þriðju heimsstyrjöldina. Hér á landi varð bókin þó fyrst og fremst fræg fyrir titilinn, sem var gripandi og lýsandi fyrir þá endalausú tortryggni, sem síðan fylgdi kalda stríðinu. Þá var jafnan stutt í samsæriskenningar – í öllum pólitískum herbúðum. Enn síðar hefur það orðið tíska hjá fyrrverandi röttæklingum að vitna til þessa bókartitils þegar pólitísk „paranoja“ gerir vart við sig.

Það kemur því ekki á óvart að einmitt þessum bókartitli skjóti upp í huga fólks undir stjórnmálaumræðu þessarar viku. Samsærin eru á hverju strái í íslenskri stjórnmálaumræðu. Við lauslega samantekt má ætla að einhvers staðar á milli sex og tíu mikilvæg pólitísk samsæri séu í gangi einmitt núna.

Stóra samsærið og það sem vakið hefur hvað mestan tilfinningahita er samsæri stjórnarandstöðunnar, einkum Samfylkingarinnar, gegn Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra. Tilgangur þess samsæris er, samkvæmt Hjálmari Árnasyni, að eyðileggja Halldór og Framsókn til að skapa Samfylkingunni svæði á miðju íslenskra stjórnmála. Sérstaklega ósvífið þykir þetta samsæri fyrir það að stjórnarandstaðan hefur spurt um hugsanleg hagsmunatengsl og pólitískt síðferði. Samsærið gegn Halldóri er hins vegar skylt öðru og eldra samsæri Halldórs sjálfs og Davíðs Oddssonar gegn almenningsi í bankasölumálum. Markmið þess samsæris var, sem kunnugt er, að færa helmingaskiptaöflum Fram-

Í DAG
SAMSÆRI Í ÍSLENSKUM
STJÓRN MÁLUM

BIRGIR
GUÐMUNDSSON



sóknar og Sjálfstæðisflokks ríkisbankana á silfurfat. Enn fleiri samsæri hafa spunnist út frá þessum tveimur samsærum, og má þar nefna nýlegt samsæri forsætisráðherra og Ríkisendurskoðunar. Stofnunin hefur sem kunnugt er sent frá sér minnisblað þar sem forsætisráðherra var sagður hæfur til bankasölu, en þetta nýja samsæri um hvítþvott ráðherrans hefur nú verið afhjúpað. Raunar fékk ríkisendurskoðandi tækifæri til að bera af sér sakir í fjárlaganefnd í gær og er niðurstaða þeirra réttarhalda ekki ljós þegar þessar línur eru skrifaðar. Mjög ólíklegt er þó að stjórnarandstaðingur láti skýringar ríkisendurskoðanda duga, þannig að reikna má með alvarlegum trúnaðarþresti milli hluta Alþingis og þessarar mikilvægustu eftirlitsstofnunar þingsins vegna samsærisins.

En samsærin hafa hrannast upp í hverjum fréttatímanum á fætur öðrum og hin pólitíska staða orðið sífellt flóknari. Þannig komst upp um stórfellt samsæri í utanríkisráðuneytinu þar sem Davíð Oddsson er að stilla upp handvöldum taflmönnum sínum eins og hver annar skákmeistari. Í því samsæri eru margar vistarverur, og samsærissérfræðingar tala hátt og í hljóði um að Markús Örn Antonsson sé nú meðal annars að uppskera dygga þjónustu í fréttastjórnarmálinu og samfylkingarmanurinn Guðmundur Árni Stefánsson njóti þess nú að

hafa staðið að baki núverandi utanríkisráðherra í eftirlaunamálinu á sínum tíma.

Ög eitt safaríkasta samsærið sem dúkkað hefur upp þessa síðustu daga er samsæri forseta lýðveldisins og Baugs. Í ljós kom að forsetafrúin flaug til Íslands fyrir nokkrum dögum með einkaþotu Baugsveldisins og var samferða þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Ingibjörgu Pálmadóttur. Þykir samsærismönnum þetta staðfesta svo um munar tengsl milli forsetans og Baugs, tengsl sem Davíð sagði skýringu á beitingu málskotsréttarins fyrir rúmu ári. Enda hefur rækilega verið flett ofan af þessu samsæri í sjónvarpi í vikunni.

Þá eru alveg ótalin þau samsæri sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa bruggað gegn Samkeppnisstofnun og mannaröðningum inn í hinar nýju stofnanir sem taka við af henni.

Ísland í dag er því sannkallað samfélag. Einkenni orðræðu samsærissamfélagsins eru líka sláandi lík hver sem á í hlut. „Rógburður“, „skítkast“, „ómálefnalegur málatilbúnaður“, „lýðskrum“ og „hálfkveðnar vísur“ eru áberandi orð sem flestir grípa til. Þannig hafa samsærin verið að tæta í sundur aðra stjórnmálaumræðu og í raun drepa henni á dreif. Allt er túlkað í ljósi nýjustu samsæra, enda geta menn aldrei vitað fyrir víst hvaða samsæri eru raunveruleg og hver hugarburður. Þar er eðli samsærishjóðfélagsins. Þess vegna er þörfin æpandi brýn að eyða þessari óvissu og stofna til eins almenns og opin samsæris – samsæris sem nær til svo margra og er svo opið og gagnsætt að það hættir í raun að vera eiginlegt samsæri. Þetta er samsæri almennings um að almennar síða- og vinnureglur góðra stjórnsýsluhátta verði virtar.

Til heiðurs gamalli bók með síngan titil mætti kalla þetta samsæri: *Samsærið mikla gegn samsærunum*. ■

Michael Jackson
er sagður á kúpunni

Hvernig er
þetta hægt?

Það er dýrt að lifa í draumaheimi

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFELAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRNAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRN: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRN: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Endurnærandi

HVITA HÚSID / SIA

Opið alla helgina í Bláa Lóninu – heilsulind

Dekraðu við þig og þína með heimsókn í Bláa Lónið – heilsulind þar sem spa-meðferðir, nudd, eimböð, sauna, foss og freistandi veitingar eru meðal þess sem bíður gesta. Frítt fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með forráðamönnum.

2 fyrir 1 tilboð fyrir VISA-korthafa

Allir kreditkorthafar VISA Íslands fá 2 fyrir 1 í Bláa Lónið – heilsulind til og með 19. júní. Gildir einungis ef greitt er með VISA-kreditkort.

www.bluelagoon.is • 420 8800





Pórarinn Óskarsson, f. 1930
Lúðrasveit Reykjavíkur frá 1947

Halldór Einarsson, f. 1926
Lúðrasveit Reykjavíkur frá 1945

Finnbogi Óskarsson, f. 1978
Lúðrasveit Hafnarfjarðar frá 1995

Íslendingar, til hamingju
með daginn.

Baldvin Ingvar Tryggvason, f. 1991
Lúðrasveit verkalýðsins frá 2002

Guðrún Helga Heiðarsdóttir, f. 1985
Lúðrasveit Akureyrar frá 2000



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Er Hannes betri Laxness en Halldór?

UMRÆÐAN

SVAR VIÐ SVARGREIN
HANNESAR
HÓLMSTEINS
GISSURARSONAR



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Mánudaginn 13. júní rifjaði ég upp fyrir lesendum Fréttablaðsins vinnulag Hannesar H. Gissurarsonar við ritun ævisögu Halldórs Laxness og líkti því við fjandsamlega yfirtöku. Í Fréttablaðinu miðvikudaginn 15. júní leggur Hannes út af þessari líkingu minni og spyr: „Yfirtöku frá hverjum? Væntanlega Guðmundi Andra og félögum hans sem eigi skáldið...“

Mig langar að leiðrétta þetta. Ég get ekki með nokkru móti talið mig „eiga“ Halldór Laxness umfram þúsundir annarra lesenda hans. Fyrr mætti nú vera – eins gæti ég heimtað að hafa út af fyrir mig lóurnar í múnum, fegurð himinsins, ljóð Jónasar... Nei: það sem ég reyndi að útmála með þessari líkingu var hvernig Hannes veður inn í texta H.L., tekur sér þar stöðu höfundar og yfir burt uppunalegum sögumanni, rekur eiginlega forstjórnann svo haldið sé líkingunni. Hinn innbyggða höfund hverrar bókar, þessa vitundarmíðju frásagnarinnar, kallaði Halldór á sínum tíma Plús-ex og stóð

stuggur af fyrirbærinu, vildi helst losna við hann: skyldi hann hafa rennt í grun hvaða ásjónu Plús-ex átti eftir að taka á sig?

Hannes reynir sem sagt „fjandsamlega yfirtöku“ á texta Halldórs Laxness frá Halldóri Laxness – ekki mér enda á ég ekki höfundarrétt að verkum Halldórs, hef ekki einkarétt á rannsóknum á honum og tel mig ekki hafa boðvald um það hverjir skrifa um hann. Í þessum efnum sem öðrum er ég lítil eigna- og valdamáður. En eins og Hannes klifur nokkuð á þá leyfði ég mér hins vegar á sínum tíma að draga í efa eindregið tilkall hans til að teljast óháður og hlutlaus sérfræðingur í verkum Laxness í ljósi fyrri skrifa hans um skáldið. Síðan mér varð það á að skrifa þetta hefur Hannes hins vegar rannsakað Laxness baki brotnu og til dæmis dregið margt fram úr rittengslarannsóknum Eiríks Jónssonar og fleiri – og fabúlærað sumt sem við hljótum að lesa með viðeigandi fyrirvörum í ljósi þeirra átaka sem hann stendur einatt í við mann og annan.

Hannes kallar vinnubrögð sín í fyrsta bindi „úrvinnslu á texta“; hann segist „nýta sér minningabrot skáldsins“. Dæmið sem ég sýndi með grein minni – og Helga Kress fann svo sannarlega fyrst – leiðir í ljós að Hannes gengur miklu lengra en svo, miklu lengra en forsvaranlegt getur talist. Hann endursegir ekki texta Hal-

dórs Laxness, hann birtir þennan texta heldur ekki í gæsalöppum eins og þjóðfrægt er orðið: hann tekur þennan texta og breytir honum. Hann afbakar textann, barnar hann og eignar sér hann, án þess þó að umskapa hann nægilega til að hægt sé að tala um „sjálfstætt sköpunarverk“ eins og Hannes talar um í sambandi við notkun mína á ævisögu Þorláks Ó. John-

Hann afbakar textann, barnar hann og eignar sér hann, án þess þó að umskapa hann nægilega til að hægt sé að tala um „sjálfstætt sköpunarverk“ eins og Hannes talar um...

son eftir Lúdvík Kristjánsson þar sem ég hagnýtti mér atriði við gerð persónunnar Jón Hólm í Íslandsförlinni. Hvað sem líður möndli Hannesar með persónufornöfn, breytingum á setninga-gerð og einstökum orðum þá er þetta sami texti og sá sem þegar hefur birst frágenginn frá hendi Halldórs. Þetta er texti Halldórs Laxness með styttingum og viðbótum Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar án þess að þess sé getið.

Þetta þykja mér spjöll á verkum Halldórs Laxness.

Þetta finnst Hannesi hins

vegar býsna gott hjá sér, enda segist hann í grein sinni skrifa „einfaldan, hraðan, lipran blaðamannastíl“ en ekki „ljóðrænan rithöfundastíl sem átti ekki við í ævisögu Laxness“. Með öðrum orðum: Stíll Halldórs Laxness á ekki við í texta Halldórs Laxness þegar texti Halldórs Laxness er birtur í bók Hannesar Hólmsteins sem texti Hannesar Hólmsteins...

Hannes lætur líka á sér skilja að ekki sé vanþörf á því að laga til í texta Halldórs því hann eigi til að „vera of tilgerðarlegur, vera öðru vísi til þess eins að vera öðru vísi“, og á þessi lýsing á stíl Halldórs Laxness líklega að sýna okkur fram á að breytingar Hannesar á texta Halldórs séu til bóta. Engu er líkara en að Halldór sé aftur farinn að skrifa stíla í MR og hljóta bágt fyrir.

Hannes Hólmsteinn er sýnilega móðgaður yfir því að mér þyki hans gerð af texta Halldórs síðri en rétta gerðin. En jafnvel þótt einhver kynni að deila þeirri skoðun að Halldór Laxness hafi ekki haft til að bera smekkvísi, tilgerðarleysi, lipurð og hraða Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar þá held ég að fólk hljóti almennt að sjá að betur fer á því að við fáum að lesa texta Halldórs Laxness eins og Halldór Laxness gekk sjálfur frá honum heldur en texta Halldórs Laxness eins og Hannes Hólmsteinn Gissurarson gerur frá honum.

Eru breytingar framundan í sænskum stjórn málum?

UMRÆÐAN

KOSNINGAR
Í SVÍPJÓÐ



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Kosningar fara fram í Svíþjóð í september á næsta ári og verður því næsti vetur þar kosningavetur. Þótt nokkuð langt sé til kosninga þá eru sænsku stjórn málaflokkarnir að gera sig klára undir lokaslaginn næsta vetur og sumar. Minnihlutastjórn Görans Perssons hefur stjórnað landinu með stuðningi Vinstri flokksins og Græningja. Efnahagslega hefur stjórnin staðið sig ágætlega, þó að atvinnuleysi mælist hátt, um 5,6% (skráð atvinnuleysi). Ríkisstjórnin hefur átt erfitt kjörtímabil. Ýmiss mál hafa verið henni erfið, t.d. þjóðaratkvæðagreiðslan um aðild Svía að Evrunni, sem var felld. Ríkisstjórnin og sænskir jafnaðarmenn voru klofnir í afstöðu sinni til Evrunnar, t.d. voru þáverandi varaforsætisráðherra, Margareta Winberg og viðskiptaráðherra Leif Pagrosky á móti aðild Svía að evrunni.

Rétt fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna var utanríkisráðherra Svía, Anna Lindh, myrt, þótt sá atburður hafi líklega ekki haft áhrif á úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Anna Lindh var talin krónprinsessa Görans Perssons sem leiðtogi jafnaðarmanna, en eftir fráfall hennar hefur enginn verið talinn sjálfsagður eftirmaður Perssons innan jafnaðarmannaflokksins. Persson hefur stökkað tvisvar upp í ríkisstjórn sinni undanfarnin tvö ár, m.a. gert Lailu Freivalds að utanríkisráðherra og Per Nuder að fjármálaráðherra. Þessar skipanir hafa ekki lukkast vel því þau hafa bæði átt í erfiðleikum síðan þau tóku við þessum ráðuneytum, þó af ólíkum toga. Laila Freivalds var sú sem var einna mest gagnrýnd fyrir sein viðbrögð sænskra stjórnvalda við hamförumum í SA-Asíu rétt fyrir síðustu áramót, þar sem yfir 500

Svíar létu lífið. Nuder, hins vegar, byrjaði sinn fjármálaráðherraferill á því að gefa í skyn að nú væri lag að hækka skatta. Rök hans voru þau að hagvöxtur og kaupmáttur væri hár í Svíþjóð og vextir lágir. Nuder sá að sér eftir harða gagnrýni, ekki síst frá eigin flokksmönnum og talar nú um skattalækkanir. Jafnaðarmenn hafa verið harðlega gagnrýndir fyrir að leyfa stefnumálum Græningja að verða að veruleika, t.d. að loka Bärsebeck kjarnorkuverinu og hækka eldsneytisskatta. Lokun Bärsebeck kjarnorkuversins vekur furðu margra, því til að mæta þeirri orkuþörf sem lokunin á kjarnorkuverinu hefur í för með sér kaup Svíar meiri orku frá kjarnorkuveri í Finnlandi og kolum frá Póllandi, sem gerir það að verkum að orkan verður dýrari fyrir hinn venjulega Svía.

Samstarfið milli jafnaðarmanna og stuðningsflokka minni-

Anna Lindh var talin krónprinsessa Görans Perssons sem leiðtogi jafnaðarmanna, en eftir fráfall hennar hefur enginn verið talinn sjálfsagður eftirmaður Perssons innan jafnaðarmannaflokksins.

hlutastjórnar þeirra hefur tekið á sig ýmsar myndir á kjörtímabilinu. Persson vill nánari samvinnu við Græningja eftir næstu þingkosningar, en hörd andstaða græningja við Evrópusambandið gerir það samstarf erfitt. Hins vegar hefur Persson gagnrýnt Vinstri flokkinn og sérstaklega formann hans, Lars Ohly, sem lét þau ummæli falla í vetur að hann væri kommúnisti. Þau ummæli voru harðlega gangrýnd og hefur vinstri flokkurinn logað í átökum síðan. Ekki alls fyrir löngu hætti einn þingmaður Vinstri flokksins og gekk til liðs við Græningja. Vinstri flokkurinn lét þau skilaböð ganga til jafnaðarmanna í síðustu viku að samstarfið við minnihlutastjórnina væri lokið ef ríkisstjórnin héldi áfram þeirri vinnu

að staðfesta nýju stjórnarskrá Evrópusambandsins.

Borgaraflokkarnir hafa tengst sterkari böndum undir kjörorðinu Bandalag fyrir Svíþjóð (Allians för Sverige). Leiðtogi hægri flokksins, Fredrick Reinfeldt, er leiðtogi bandalagsins og hann hefur mýkt ársýnd hægri flokksins mikið og aðlagð stefnu hans nær miðju. Reinfeldt er óskoraður leiðtogi Bandalagsins og þykir snjall stjórnmalamaður. Flokkarnir sem mynda Bandalag fyrir Svíþjóð, hægri flokkurinn, þjóðarflokkurinn, miðflokkurinn og kristilegir demókratar hafa ólíka stefnu í stórum málum. Miðflokkurinn er t.d. á móti Evrópusambandinu og kjarnorkuverum. Flokkarnir hafa hins vegar verið einhuga um að koma sér saman sem trúverðugur valkostur við jafnaðarmenn. Dæmi um þetta er að fyrir mánuði síðan var sjónvarpseinvígi milli Perssons og Reinfeldt sem þótti standa sig ágætlega móti hinum reynda Persson. Ef marka má skoðanakannanir þessa stundina virðist sem sænskir kjósendur hafi trú á Bandalaginu og sér í lagi á Reinfeldt, því hægri flokkurinn mælist með mest fylgi þessa stundina eða um 34%, en jafnaðarmannaflokkurinn með um 31%. Bandalagið hefur gott forskot í skoðanakönnunum á vinstri blokkina eða um 9% skv. síðustu könnun. Bandalagið hefur lofað skattalækkanum, ráðdeild í ríkisrekstri, betri efnahag og minna atvinnuleysi. Hvort Bandalagið kemst til valda eða jafnaðarmannaflokkurinn haldi völdum eftir næstu kosningar mun hins vegar tíminn leida í ljós.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnrör. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðana-síðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Skýrslettur á Nordica hótel

Á síðustu dögum hefur orðið var við svokallaða borgaralega óhlýðni/hugrekki hér á landi. Við Íslendingar urðum varir við slíkt í fréttum hinn 14. júní þegar þrjár einstaklingar laumuðust inn á alþjóðlega ráðstefnu um áliðnaðinn á Nordica hótelinu og slettur skyri blönduðu litarefnum á forsvarsmann Alcoa, Bechtel og Landsvirkjunar. Þessi aðgerð var án ofbeldis og gerði lítið annað en að neyða viðkomandi til að þvo fötin sín og þurrka af tækjum.

Slíkar aðgerðir hafa verið fá-tíðar hérlandis en eru mjög algengar erlendis þar sem hefðbundnar leiðir til að ná til stjórnmalamanna eru af skornum skammti. Hérlandis virðist vera raunin að stjórnmalamenn séu í æ meiri mæli hættri að hlýða á almenningssálit og eru þjóðaratkvæðagreiðslur ekki til í samfélaginu. Er í s l e n s k i r á r á ð a m e n n b ú n i r að koma sér í þá aðstöðu að fólk verði að nýta sér harðari aðgerðir til að tekið sé mark á þeim?

Þar sem borgarleg óhlýðni/hugrekki er sjaldsæð hér á landi og því lítið um hefðir varðandi þær hjá bæði mótmælendum og lögreglu þá er það nauðsynlegt fyrir báða aðila að hafa samráð sín á milli. Að sjálfsögðu mun fólk aldrei hætta að mótmæla einhverju sem það trúir staðfastlega að sé rangt en það mun í flestum ef ekki öllum tilvikum gera það án ofbeldis.

Í Bandaríkjunum er borgaraleg óhlýðni/hugrekki eins og að læsa sig saman og leggjast á gölfíð á skrifstofum fyrirtækja algengari. Þar hefur lögreglan notað við piparúða í allmörgum tilvikum til þess að pína mótmælendur í burtu og spreijar hún þá beint í augun á þeim. Þetta skilst mér að sé eitt það sársaukafyllsta sem hægt er að upplifa og jaðrar við að þarna sé lögreglan þyrjuð að nota pyntingar á sína eigin þegna sem hún er til að vernda.

Ég vona að lögreglan hér á Íslandi muni aldrei leggjast svo lágt að nota slíkar aðgerðir gegn Íslendingum.



EINAR RAFN
ÞÓRHALLSSON



800 5555

Alla daga
frá 10 til 22



Linde Gas } AGA

Framsókn misbeittir valdi sínu

UMRÆÐAN
SAMKEPPNIS-
EFFIRLITJÓR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Ríkisstjórnin ákvað í vetur að breyta lögum um Samkeppnisstofnun. Engin frambærileg rök voru þó flutt fyrir nauðsyn þess og það var álit margra að með lagabreytingunni hefði grunnur stofnunarinnar verið veiktur. Menn tóku þó strax eftir því, að ríkisstjórnin vildi breyta nafni stofnunarinnar í samkeppniseftirlit. Það var nauðsynlegt

til þess að geta bolað forstjóra stofnunarinnar frá störfum og sett nýjan mann yfir hana. Það sama var gert þegar nafni Húsnæðisstofnunar var breytt. Þá þurfti að flæma farsælan og hæfan framkvæmdastjóra, Sigurð E. Guðmundsson, frá störfum og koma framsóknarmanni að. Sami leikurinn er leikinn nú: Georg Ólafsson hefur verið forstjóri Samkeppnisstofnunar og áður Verðlagsstofnunar um langt skeið og staðið sig vel. Hann hefur byggt þessar stofnanir upp frá grunni. En hann hefur starfað sjálfstætt og faglega og ekki látið Framsókn, sem farið hefur með viðskiptamálin, segja sér fyrir verkum. Þess vegna þurfti að bola honum frá og koma góðum og leiðitómum framsóknar-

manni í starfið í staðinn, Páli Gunnari Pálssyni. Þegar Georg Ólafsson sá hvert stefndi ákvað hann að sækja ekki um starfið en Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri samkeppnisviðs Samkeppnisstofnunar, sótti um. Hann var tvímælaust langhæfasti umsækjandinn, með réttu menntunina í starfið og með mestu reynsluna. En það skipti framsóknarmenn engu máli sem völdu nýjan forstjóra. Það var ákveðið fyrirfram hver fengi starfið og þá skiptu hæfileikar umsækjenda engu máli. Aðalatriðið var að fá mann sem Framsókn og ríkisstjórnin gætu stjórnað og það tókst. Þetta er sama aðferð og notuð var þegar síðustu tveir hæstaréttardómarar voru skipaðir. Frændur og

vinir fengu störfin og stjórnsýslulög og jafnréttislög voru brotin. Þetta er í hnotskurn einkenni stjórnarháttá núverandi ríkisstjórnar: Misbeiting valds og valdniðsla. Það kom í hlut Georgs Ólafssonar að stýra verðlags- og samkeppnis-málum á miklum umbrotatímum, þegar verðlag var gefið frjálst og tekið var upp eftirlit með samkeppni og samkeppnishömlum. Honum fórst þetta vel úr hendi. Hann hafði góða menn sér við hlið, Gunnar Þorsteinsson og Guðmund Sigurðsson. En stjórnvöld voru ekki ánægð þegar Samkeppnisstofnun tók að athuga samkeppnishömlur olíufélaganna og tryggingafélaganna. Aldrei áður hafði verið hreyft við þessum aðilum. Þeir máttu óárettir um langt

skeið hafa verðsamráð og stórskada neytendur. Það þurfti kjark til þess að rannsaka þessa risa á markaðnum. Í ljós kom, að um ólöglegt verðsamráð hafði verið að ræða. Esso og Skeljungur, fyrirtæki Framsóknar og íhaldsins, reyndust sek og máttu sæta sektum. Við stjórnvölinn í Skeljungu hafði verið eiginmaður eins af ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórnin var óánægð með framgöngu Samkeppnisstofnunar og ef til vill var það þegar olíufélögin voru sett í rannsókn, að ákveðið var að bola forstjóranum frá. Nú getur ríkisstjórnin verið róleg. Samkeppniseftirlitið mun ekki rugga bátnum án leyfis.
Höfundur er viðskiptafræðingur.


BRÉF TIL BLAÐSINS

Dónar við Dalveginn

Þráinn skrifar:
Ég verð að segja frá fádæma dónaskap og frekju eins starfsmanna hjólbarðaverkstæðis við Dalveg. Ég kom með dekk til viðgerðar og bannaði maðurinn mér að vera nálægt affelgunarvél þegar verið var að vinna við hana. Það var sjálfsgott mál af minni hálfu en þegar ég ætlaði að fá upplýsingar um dekkið og vogaði mér nær vélinni sem ekki var einu sinni í gangi kom maðurinn aftur og jós yfir mig og konu mína skömmum um leið og ég var við það að kaupa af þeim nýtt dekk. Eftir þetta það ég um dekkið og sagðist ekki hafa áhuga á að eiga viðskipti við þetta verkstæði og fór annað og fékk fína þjónustu. Gekk alveg fram af okkur æsingurinn og bullið í manninum. Þá ætti annar starfsmaður sem hafði dæmt dekkið handótt að hugsa sinn gang þar sem viðgerðarmenn á öðru verkstæði fundu ekkert að dekkinu sjálfu, aðeins lak með ventli. Ók ég samdægurs norður til Akureyrar á dekkinu og ek á því enn! Væntanlega ætluðu þeir að nýta sér vanþekkingu kunnans á dekkjamálum en misstu af þeim viðskiptum.

Galílea er ekki óspennandi

Þorgeir skrifar:
Þótt ég hitti ekki Þráin Bertelsson fyrir um lítilræði sé að tefla, get ég ekki orða bundist. Þráinn lætur nefnilega hafa eftir sér í Bakþönkum hinn 13. júní að Galílea sé fremur óspennandi landssvæði. Það eru ómakleg og í raun vesældarleg ummæli og þangað hefur Þráinn bersýnilega aldrei komið. Kveðjur, Þorgeir Þorgeirsson, Birkibergi 40, Hafnarfirði.



Nýtt símanúmer
hjá dreifingu:

550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu viss um að fá betri kökuna

BLT STENDUR FYRIR BYLGJUNA, LÉTT 96,7 OG TALSTÖÐINA
Hlustendur okkar eru í þínum markhóp – um 70% hlustenda Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru yngri en 50 ára. Samkeyrðar auglýsingar á BLT tryggja að skilaboðin þín komast áleiðis til mikilvægasta markhópsins. Er nokkur spurning hvora kökuna þú velur?



Samkvæmt könnun Gallups í mars 2005.



ÖBÍ



LOTTÓ ER Í EIGU ÍSÍ, ÖBÍ og UMFÍ





VIÐ ERUM ÖLL Í SAMA LIÐI - LIÐINU SEM VINNUR ÞEGAR ÞÚ SPILAR LOTTÓ



KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.047 -0,49%

Fjöldi viðskipta: 188
Velta: 770 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Atorka 1,69%
Marel 0,89%
Nýherji 0,81%

MESTA LÆKKUN

↓ Flaga -5,56%
Atlantic Petroleum -5,26%
KB banki -0,94%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 39,40 -0,51% ... Atorka 6,00 +1,69% ... Bakkavör 36,90 - ... Burðarás 14,60 - ... FL Group 15,80 +0,64% ... Flaga 4,25 -5,56% ... Íslandsbanki 13,35 -0,37% ... KB banki 526,00 -0,94% ... Kögun 59,90 +0,67% ... Landsbankinn 16,40 - ... Marel 56,70 +0,89% ... Og fjarskipti 3,92 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,10 - ... Össur 80,00 0,63%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Velta fyrir sér íslensku útrásinni

Breskir blaðamenn fylgjast nú grannt með íslenskum fjárfestum. Orðrómur um að hópur Íslendinga hyggist nú taka yfir verslunarkeðjuna Marks & Spencer í Bretlandi gengur nú fjöllumum hærra. Ekki hefur neitt fengið staðfest um hvort einhverjir íslensku fjárfestanna í Bretlandi séu að velta slíku fyrir sér en sjónir beinast að Baugi Group, Bakkavör og Björgólfi Thor Björgólfssyni. Blaðamenn í Bretlandi undrast mjög hversu hátt flugið er á íslenskum fjárfestum og hafa lagst í töluverðar rannsóknir til að komast til botns í málinu en eiga í raun ekki mörg svör. Íslenska útrásin raskar þó greinilega ró margra í Bretlandi.

Mistrúgjarnir á kjaftasögur

Í gær birtist í Bláinu á Íslandi forsiðufrétt þar sem farið er yfir nokkrar helstu kenningar sem hald-



raun ekkert annað en sögusagnir. Líklega eru blaðamenn á The Guardian ekki eins sannfærðir og kollegar þeirra á The Times. Þar birtist í gær frétt þar sem fjallað var um uppgang bruggverksmiðju Björgólfsfeðga og Magnúsar Þorsteinssonar í Pétursborg í Rússlandi. Brugghús íslensku athafnamannanna gekk eins og í sögu en smir keppinautarnir áttu ekki sjö dagana sæla, tveir voru skotnir og annað brugghús brann til grunna.

íð er á lofti í Bretlandi. Þar eru tengsl Björgólfsfeðga við Rússland ofarlega á blaði en einnig er vinátta Ólafs Ragnars Grímssonar og Romans Abramovich, eiganda Chelsea, til umfjöllunar í Bláinu. Blaðið visar í ítarlega frétt í Times en það blað sendi mann út af örkinni til að kanna sögusagnirnar. Sá hafði hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að sögusagnirnar væru í

MARKAÐSFRÉTTIR...

Greiningardeild KB banka sagði frá því á Hálft fimm fréttum í gær að sveiflur í gengi krónunnar hefðu tvö- til þrefaldast í ár miðað við sveiflurnar í fyrra.

KB banki hefur selt skuldabréf fyrir 175 milljónir evra – sem samsvarar um fjórtán milljörðum króna.

Heildarafli íslenskra skipa var ríflega 135 þúsund tonn í maí sem er tæplega tuttugu þúsund tonnum minna en í maí í fyrra. Þetta kom fram á vef Hagstofu Íslands.

FTSE-vísitalan í Lundúnum hækkaði um hálft prósent í gær. Í Þýskalandi hækkaði Dax-vísitalan um 0,69 prósent en í Japan breyttist gildi Nikkei-vísitalunnar ekki.

Flaga fellur enn

Hátæknifyrirtækið hefur lækkað mest allra félaga frá áramótum. Framkvæmdastjóri fékk gefins bréf í fyrradag, seldi þau í gær.

Hátæknifyrirtækið Flaga Group, sem sérhæfir sig í svefnrannsóknunum, heldur áfram að lækka í verði og náði í gær sínu lægsta gildi frá upphafi þegar gengið fór niður í 4,25 krónur á hvern hlut. Frá áramótum hefur félagið lækkað um tæp 30 prósent.

Í gær var tilkynnt um að Kevin Kelly, framkvæmdastjóri Sleep Tech, sem er dótturfélag Flögu, hefði selt bréf í fyrirtækinu fyrir 4,2 milljónir króna. Hluta af þessum bréfum fékk hann að gjöf á miðvikudaginn frá Patricia og Vyto Kab, stofnendum Sleep Tech, en samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu var ætlunin að selja hluta af þeim þegar hann



LÆKKAR HRATT Flaga hefur lækkað um 30 prósent á frá áramótum, mest allra félaga í Kauphöllinni. Breytingar á yfirstjórn félagsins og rekstrartap á fyrsta ársfjórðungi skýra þessa þróun að miklu leyti.

fengi þau í hendur. Söluverðið var 4,41 króna á hlut.

Töluverðar breytingar hafa orðið á yfirstjórn félagsins á þessu ári. Svanbjörn Thoroddsen lét af starfi forstjóra í mars og Patricia og Vyto hættu einnig hjá félaginu skömmu síðar. David Baker tók við forstjórastarfinu af Svanbirni í byrjun apríl.

Þá tapaði félagið 1,1 milljón Bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi.

- eþa

Evrópusambandið í krísu

Deilla hefur spunnist um fjárlög Evrópusambandsins og eru Bretar sagðir sleppa billega þegar kemur að framlögum. Forseti Evrópuráðsins óttast að sambandið standi eftir lamað.

Leiðtogar Evrópusambandsins hittast nú í Brussel og freista þess að leysa deilu sem spunnist hefur um fjárlög sambandsins árin 2007 til 2013.

Bretar hafa árum saman lagt hlutfallslega lítið fé til sambandsins og sætta leiðtogar hinna aðildarríkjanna sig ekki lengur við það. Margareth Thatcher samdi í forsætisráðherratið sinni um afslátt til handa Bretum vegna blágrar efnahagsstöðu og hefur sá afsláttur staðið, jafnvel þótt breska hagkerfið hafi fyrir löngu rétt úr sér.

Nemur afslátturinn rúnum 350 milljörðum á ári.

Jan Balkenende, forsætisráð-



HÖFUÐSTÖÐVAR EVRÓPURÁÐSINS Harðvitarar deilur hafa spunnist um fjárlög Evrópusambandsins.

herra Hollands, er ekki sáttur við stöðuna: „Hollendingar borga hlutfallslega mest. Fyrirkomulagið er ósanngjarnt og úr verður að bæta“.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, neitar hins vegar með öllu að afnema afsláttinn nema landbúnaðarkerfi Evrópusambandsins verði tekið í gegn. Frakkar, sem mestra styrkja njóta, taka það hins vegar ekki í mál.

Forseti Evrópuráðsins, Jose Manuel Barroso, var ekki hjartssýnn: „Ef við leysum ekki þessa deilu mun sambandið verða alglega lamað, bæði pólitískt og efnahagslega“.

- jsk

Skinney hagnast um 1,1 milljarð

Útgerðarfélagið Skinney-Þinganes á Hornafirði skilaði 1.146 milljóna króna hagnaði í fyrra samanborið við 406 milljónir árið 2003. Hagnaður af reglulegri starfsemi var tæpar 700 milljónir króna, sem voru um 28,2 prósent af rekstrartekjum. Fjármagnsliðir og tekjur af hlutdeildarfélagum voru hagstæð um rúman milljarð króna.

Arðsemi eigin fjár á síðasta ári var um 57 prósent en eigið fé jókst úr 2.029 milljónum króna í 3.114 milljónir. Hluthöfum verður



SKINNEY-ÞINGANES Útgerðarfélagið hagnaðist um 1,1 milljarð á síðasta ári. Arðsemi eigin fjár var um 57 prósent.

greiddur 10 prósentu arður vegna ársins 2004.

- eþa



KYNNTI SIG FYRIR STARFSFÓLKI Gunnar B. Dungal fór í verslanir Pennans með nýja forstjóranum, Kristni Vilbergssyni, til vinstri.

Penninn seldur

Kristinn Vilbergsson settist í stól forstjóra Pennans í gær eftir að Gunnar Dungal hafði stjórnað fyrirtækinu í 36 ár.

Penninn, sem rekur helstu ritfanga- og bókaverslanir á höfuðborgarsvæðinu, hefur verið seldur. Nýir eigendur eru úr fjölskyldu Kristins Vilbergssonar, sem tók við starfi forstjóra fyrirtækisins í gær. Eiga Kristinn og foreldrar hans 67 prósent í fyrirtækinu á móti 33 prósentu hlut Þórðar og Páls Kolbeinssonar.

Penninn hefur verið fjölskyldufyrirtæki frá stofnun árið 1932. Faðir fráfarandi forstjóra, Gunnars B. Dungal, stofnaði Pennan ásamt bróður sínum. Síðan þá hefur starfsemi vaxið, meðal annars með kaupum á Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar árið 1996, Griffli árið 2000 og Bókabúð Máls og menningar 2003. Jafnframt er GKS í eigu Pennans en sá hluti verður áfram ásamt fasteignum í eigu Gunnars, sem hefur stjórnað Pennanum í 36 ár.

Móðir Kristins Vilbergssonar var hluthafi í Myllunni fyrir nokkrum árum sem hún seldi og faðir hans rak fyrirtæki sem heitir Segul. Kristinn stofnaði

Vörubíl fyrir um fjórum árum ásamt föður sínum, sem var seldur fyrr á þessu ári. Eftir það fóru þeir að leita að nýjum tækifærum og kaupa nú Pennann. Er það því fjölskylda sem kaupir fjölskyldufyrirtækið Pennann. Fyrirtækjaraðgjöf KB banka aðstoðaði við að fjármagna kaupin.

Auk ný verslana í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi rekur penninn tvær verslanir á Akureyri. Auk þess eru verslanir á Akranesi, Selfossi, Ísafirði og í

Vestmannaeyjum reknar í nafni Pennans þótt þær séu í eigu annarra.

Kaupverðið er sagt trúnaðarmál. Eins og sagt var frá í Markaðnum í byrjun júní var velta Pennans í fyrra um 4,3 milljarðar króna samkvæmt heimildum blaðsins. Hagnaður var um 300 milljónir sem er besti árangur í sögu félagsins. Sömu heimildarmenn segja kaupverðið vera í kringum tvo milljarða króna.

bjorgvin@frettabladid.is

36 ár í forstjórstóli

„Ég var tvítugur þegar ég tók við stjórnartumunum í Pennanum eftir að faðir minn féll skyndilega frá,“ segir Gunnar B. Dungal, sem í gær sat sinn síðasta dag í stóli forstjóra. Hann segir skritið að kveðja fyrirtækis eftir að hafa starfað þar í 36 ár, þar af 36 sem stjórnandi. Þótt starfsaldurinn sé langur er lífaldurinn það ekki. Því ætli hann að halda áfram í rekstri og heldur meðal annars eftir fasteignum og trúsmiðjunni GKS.

Vinur minn segir að ég sé með árátta fyrir að skipuleggja. Fyrir reykleysið var ég mjög oft að skipuleggja eitthvað en í reykleysinu hefur þetta magnast um helming. Eirðarleysi er versti óvinur minn um þessar mundir. Hringi stundum snemma á morgnana til vina minna og spyr þá hvort við eigum ekki að grilla úti á svölum eða fara í bíó. Ef eitthvað bregst fá bækur að fjúka, diskar brotna og stríðsósukur ómar um Laugavegin.

Vantrú fór áður fyrir í taugarnar á mér en er núna orðin hrikalega

pirrandi. Setningar eins og „það getur ekki verið“, eða „Nei, nei, hvað heldurðu að...“ geta gert mig brjálaðan. Ég sé ekki hvers vegna ég ætti að ljúga upp í opið geðið á einhverjum? Ef ég segist hafa heyrt þetta eða séð hitt þá hef ég gert það. Ef einhver bregst við með orðunum „það getur ekki verið“, þá bilast ég. Af hverju getur það ekki verið ef ég var að segja það?!

Sem betur fer er þetta byrjað að hjaðna. Ég reyni að slaka á skipulagningaráráttni með því að loka augunum og draga djúpt andann. Þegar einhver tekur mig ekki trúanlegan tel ég upp á tíu. Ég veit sem er að ekkert kemur í veg fyrir að ég skipulegg eitthvað eða einhver haldi að ég sé að ljúga.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Hugguleg kammerleikverk

[LEIKLIST]

UMFJÖLLUN

Listahátíðin Bjartir dagar er mikill menningarauki fyrir alla. Hafnarfjörður bókstaflega íðar af lífi. Víkingabörp óðum að taka á sig mynd allt í kringum Fjörukrána, myndlistarmenn ganga um og dreifa kynningarbæklingum um sýningar sínar, tónlistarviðburðir um allan bæ og þjóðhátiðardagurinn skammt undan. Hafnarfjarðarleikhúsið er mitt í öllu þegar býið að sýna nýtt íslenskt leikverk og bætir nú um betur og sýnir okkur tvo stutta einþáttunga eftir Sigurbjörgu Prastardóttur. Hún hefur þegar haslað sér völl sem ljóðskáld og skáldsagnahöfundur en hér tekst hún á við hið knappa form einþáttungsins og sökum þess hve stuttir þeir eru hvor um sig hefur leikstjórinn ákveðið að hafa þann háttinn á að leika þá með hléi á milli til að gera meira úr viðburðinum. Ekki er þarft að hafa langt mál um stutta einþáttunga enda eru þeir báðir skemmtilega skrifaðir. Ég hef áður lýst ánægju minni með knappt leikhúsi og nú býið ég bara eftir einþáttungahátíð þar sem margir höfundar fá að spreyta sig á að skrifa ofan í valin leikhóp svona stutt „kammerverk“, því eins og höfundur sagði sjálf í viðtali á dögunum þá hefur verið ríkjandi tilhneiging í íslensku leikhúsi að færa upp langar sýningar og styttri sýningum verði fremur lítill gaumur gefinn. Hér hefur verið gerð bragarbót á og fyrir mitt leyti þá átti ég afskaplega skemmtilega stund í Hafnarfjarðarleikhúsinu þetta kvöld í félagskap 11 ára dóttur minnar. Hún viðurkenndi þó fyrir mér að hún skildi ekki alltaf alveg allt en ég útskýrði fyrir henni að það væri ekki endilega alltaf nauðsynlegt að skilja alla skapaða hluti heldur leyfa sér að hlusta, upplifa og njóta, því skilningurinn kemur seinna. Mér þóttu þættirnir báðir ágætlega skrifaðir og efnistöð leikstjóra og leikara einhvern veginn svo rétt. Sigurbjörg skrifar fallegan og ljóðrænan texta en best fannst mér henni takast upp þegar samtölin byggðu á einni og einni línu. Minnti mig á stundum á orðasmíð í leikritum Jökuls Jakobssonar þegar ein persónan talar í austur eða samtalið fer í eina átt en hugsunin í aðra. Einkum var ísbjarnarþátturinn vel smíaður af því þar toguðust á hlutbundinn og óhlutbundinn veruleiki sem virkar alltaf svo skemmtilega í leikhúsi og gefur leikurunum jafnframt kost á að leika sér með finni blæbrigði og ekki síst þagnir. Jón Páll Eyjólfssonar



HREINDÝR OG ÍSBJÖRN ÓSKAST

Tveir einþáttungar eftir Sigurbjörgu Prastardóttur voru frumsýndir í Hafnarfjarðarleikhúsinu á miðvikudaginn. „Umfjöllunar“ einþáttunganna er í grófum dráttum hvað það er sem skilur menn frá skepnum. Fyrir okkur eru dýrin oft tákni um ákveðna eiginleika, til dæmis sjón arnarins eða styrk og heimsku nautsins, okkur finnst allt svo einfalt við dýrin, menn álíta sig ekki svona einfalda,“ segir Sigurbjörg um einþáttungana.

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ SÝNIR TVO EINÞÁTTUNGA EFTIR SIGURBJÖRGU PRASTARDÓTTUR / HREINDÝR OG ÍSBJÖRN ÓSKAST. / LEIKSTJÓRI: HILMAR JÓNSSON / LEIKARAR: ERLING JÓHANNESSEN, JÓN PÁLL EYJÓLFSSON OG ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR / HLJÓÐMYND: JÓN PÁLL EYJÓLFSSON / DANS: ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR / LÝSING: GARDAR BORGÞÓRSSON.

Niðurstaða: Mér þóttu þættirnir báðir ágætlega skrifaðir og efnistöð leikstjóra og leikara einhvern veginn svo rétt. Sigurbjörg skrifar fallegan og ljóðrænan texta en best fannst mér henni takast upp þegar samtölin byggðu á einni og einni línu. Minnti mig á stundum á orðasmíð í leikritum Jökuls Jakobssonar þegar ein persónan talar í austur eða samtalið fer í eina átt en hugsunin í aðra.

son vann mjög skemmtilega úr hlutverkum sínum. Hann hefur tjáningarríka ásýðni á sviði og agaðar líkamshreyfingar sem hann nýtir afskaplega vel. Hvorki of né van – allt svona mátulegt. Sömu sögu má raunar segja um Erling Jóhannesson en hann var minna áberandi í seinni þættinum. Hann var skemmtilega einfaldningslegur og tókst að gæða persónuna lífi. Elma Lísa var traust að vanda og brast í dans eins og ekkert væri eðlilegra. Ég fékk það á tilfinninguna að leikararnir hefðu ekki æft verkið mjög lengi sem ég tel vera kost í þessu tilfelli svona til að fyrirbyggja misskilning. Með því að hafa æfingartímann stuttan þá fá leikararnir ekki tíma til að hugsa of mikið heldur verða bara að skutla sér út í djúpu laugina og þá verður til skipandi orka sem erfitt er að henda nákvæmar reiður á en er svo gefandi fyrir hið gagnvirka samband leikara og áhorfenda. Meira svona, takk.

Valgeir Skagfjörð



Jack Osbourne er orðinn svanur

Ævintýrið um litla ljóta andrangann endurtekur sig sí og æ. Það voru hins vegar ekki margir sem töldu Jack Osbourne, son Ozzy Osbourne, eiga sér viðreisnar von því hingað til hefur hann alls ekki þótt myndarlegur drengur. Hann hefur verið með reitt og óstýrlátt hár, mjög slæma húð og illa til fara ásamt því að vera of þungur og með frekar ljót gler-

augu. Þess vegna brá mörgum þegar hann mætti á verðlaunaafhendinguna Glamour Awards 2005 þar sem hann var eins og nýr maður. Jack var í glæsilegum jakka-fötum með vel snyrt hár og greinilega búinn að fjárfesta í linsum. Það sem helst vakti þó athygli var að hann hefur lést um allmörg kíló og var mál manna að Jack væri bara orðinn ansi sætur. ■

Ný verslun!

LEIKBÆR

- LAUGAVEGI -

Í þessu og jibbí þessu! Það er kominn sautjándi júní! Það er kominn sautjándi júní! Hæhó jibbí þessu! Það er kominn sautjándi júní! Hæhó jibbí þessu!

Laugavegur

FaxaFen

Mjóða

Fjörður, HFn.

inn, Selfoss

Opnar í dag!
Ótrúlegt opnunartilboð!

30%

Afsláttur af öllu!

Gildir aðeins í dag, 17. júní 2005

Landsins mesta úrval af leikföngum!



Í fyrsta skipti er samfelld dagskrá á 17. júní hátíðahöldum í miðbæ Reykjavíkur og er dagskráin sérlega fjölbreytt þetta árið og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Tímasetta dagskrá hátíðahaldanna má finna á slóðinni www.17juni.is

menning

menning@frettabladid.is

Kvennatónleikar Camerarctica

„Við erum með verk á efnisskránni eftir flestar þær íslensku konur sem skrifa tónlist í dag. Fyrst töldum við okkur þurfa að leita í smíðju annarra kventónskálda á Norðurlöndunum en svo áttuðum við okkur á því að við vorum með nægilega mörg verk eftir íslensk kventónskáld,“ segir Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari um tónleikana sem kammerhópurinn Camerarctica heldur í Norræna húsinu á sunnudaginn klukkan 17.00 í tilefni af því að 90 ár eru liðin síðan íslenskar konur fengu kosningarétt. Á efnisskránni eru eingöngu tónverk eftir konur. Leikin verða verk eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur, Báru Grímsdóttur, Elínu Gunnlaugsdóttur, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jórinni Viðar, Karólínu Eiríksdóttur og Mist Þorkeldsdóttur.

„Stærsta verkið sem við erum með er eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og er samið við ljóð Matthíasar Jóhannessens, Sálmar á Atómöld. Okkur finnst tónskáldið ná að dýpka textann



NORRÆN TÓNLIST Kammerhópurinn Camerarctica heldur tvöna tónleika í Norræna húsinu um helgina og gera hann myndrænan við söng Mörtu Halldórsdóttur,“ segir flautuleikarinn.

Camerarctica verður einnig með sérstaka Sólstöðutónleika í Norræna húsinu á laugardaginn klukkan 22 þar sem leikin verða verk eftir J.P.E. Hartmann, Tor Brevik, Joachim Andersen, Hans Abrahamsen, Lars Erik Larsen, Þorkel Sigurbjörnsson, Johan Svendsen og Jón Leifs.

EKKI MISSA AF...



... fjölbreyttri Þjóðhátíðardagskrá sem hefst á **Austurvelli** klukkan 10.40 í dag.

...kraftakeppni við **Ráðhús Reykjavíkur** klukkan 14 þar sem dregin verða trukkar á 20 ára afmælistóti keppinnar Sterkasti maður Íslands.

...tónleikum á **Arnarhóli** í dag klukkan 18 þar sem fram koma nokkrar af bestu hljómsveitum landsins.



Labbi í Mánum og
hljómsveitin

KARMA

í kvöld



Hornby á bókmenntahátíð

Bókmenntahátíðin í Reykjavík var haldin í fyrsta sinn árið 1985 og á því 20 ára í afmæli í ár. Dagana 11.-17. september fer hátíðin fram í sjöunda sinn.

Á blaðamannafundi í Norræna húsinu í gær voru kynntir þeir 20 erlendu höfundar sem koma á hátíðina í ár.

Meðal þeirra höfunda sem koma á bókmenntahátíðina má nefna Margaret Atwood, DBC Pierre sem hlaut Booker-verðlaunin árið 2003 fyrir bókina Vernon God Little sem þýdd hefur verið á íslensku, og Nick Hornby sem er biðgestur að góðu kunnur, því gerðar hafa verið myndir eftir bókum hans About a Boy, Fever Pitch og High Fidelity. Einnig ber að geta Erik-Emmanuel Schmitt en verk hans Gesturinn og Abel Snorko býr einn hafa verið sýnd í leikhúsum hér á landi og hlotið mikið lof og handhafa Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs þá Kari Hotakainen og Lars Saabye Christensen.

„Okkar hugsun var sú að fá höfunda sem víðast að úr heiminum og búa til þessa blöndu af þekktum og minna þekktum höfundum, því við viljum einnig kynna Íslendinga fyrir nýjum höfundum. Við vildum fá hingað höfunda frá áttaksvæðum og sem dæmi um það þá kemur hingað kvenrithöfundur frá Líbanon, Hanan al-Shaykh, sem skrifar á feminískum nótum og hefur verið gagnrýnd í heimalandi sínu vegna skrifa sinna um arabaheiminn. Staða kvenna í Arabaheiminum er svo sannarlega eitthvað sem fólk hefur áhuga á að fræðast um. Svo kemur hingað Kúrði, Mehmed



BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2005 Kynningarfundur var haldinn í gær þar sem kynntir voru þeir erlendu höfundar sem koma hingað á bókmenntahátíð í haust.

ERLENDIR HÖFUNDAR Á HÁTÍÐINI:

Margaret Atwood
Thomas Brussig
Javier Cercas
Lars Saabye Christensen
Karen Duve
Graeme Gibson
Nick Hornby
Kari Hotakainen
Siri Hustvedt
Roy Jacobsen
James Meek
Alvaro Mutis
Hanne-Vibeke Holst
Andrej Kurkov
DBC Pierre
Erik-Emmanuel Schmidt
Hanan al-Shaykh
Antonio Tabucchi
Mehmed Uzun
Karin Wahlberg

Uzun, sem setið hefur í fangelsi í Tyrklandi vegna starfa sinna í þágu kúrdískrar menningar,“ segir Halldór Guðmundsson, rit höfundur og bókmenntafræðingur, sem á sæti í nefnd bókmenntahátíðarinnar. „Miðað við þá gríðarlegu aðsókn sem við fengum í fyrra vonum við að allir muni finna eitthvað við sitt hæfi í programminu,“ segir Halldór.

Skipulag hátíðarinnar verður með líku sniði og áður. Í Norræna húsinu á daginn verða eins konar pallborðsumræður þar sem rit höfundarnir munu ræða verk sín og svara fyrirspurnum áheyrenda og á kvöldin verða upplestrar í Iðnó þar sem höfundarnir munu lesa upp á móðurmáli sínu og verður íslenskri þýðingu á textanum varpað á skjá svo áheyrendur geti fylgst með upplestrinum. ■

Hollenska reaggæe hljómsveitin
FIVE-4-VIBES



DANŞLEIKIR
á Víkingahátíðinni um helgina
fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag

...aok þess
Rammíslenska hljómsveitin
VÍKINGASVEITIN



FJÖRUKRÁIN

Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is



Dagskrá 17. júní

REYKJAVÍK

Engin skil verða á milli síðdegis- og kvölddagskrár á 17. júní hátíðahöldunum í Reykjavík. Boðið verður upp á tólf tíma samfellda dagskrá.

Dagskráin fyrir hádegi hefst í kirkjugarðinum við Suðurgötu klukkan 10 þar sem lagður verður blómsveigur að leiði Jóns Sigurðssonar og með hátíðardagskrá á Austurvelli. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Anna Kristinsdóttir, formaður Þjóðhátíðarnefndar, flytja ávörp. Ávarp fjallkonunnar er að þessu sinni ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur. Að athöfninni lokinni fer fram guðspjónusta í Dómkirkjunni.

Eftir hádegi verða skruðgöngur frá Hlemmi og Hagatorgi.

Aðalsviðið verður á Arnarhóli og hefst dagskráin þar klukkan 14.00 með barna- og fjölskyldudagskrá sem stendur til klukkan 18.00. Meðal annars verða flutt atriði úr söngleikjunum Annie og Múlan Rús og barnaleikritunum Klaufar og kóngsdætur og Kalli á þakinu.

Á tónleikum milli 18.00 og 22.00 spila hljómsveitir eins og Stuðmenn, Mínus, Hjálmar, Pápar og Írafár.

Í Hljómskálagarði og á Ingólfsborgi verða leiktæki og fjölmarg-

ar uppákomur við allra hæfi verða víðs vegar um miðbæinn. Vill Þjóðhátíðarnefnd í Reykjavík hvetja fjölskyldur til að skemmta sér saman á 17. júní.

KÓPAVOGUR

Kópavogsbær er 50 ára og eru hátíðahöldin á 17. júní hluti af veglegri afmælisdagskrá bæjarins.

Bæjarbúar verða vaktir um morguninn með hressandi blæstri akandi brassaveita. 17. júní hlaup verður fyrir börn á Kópavogsvellinum klukkan 10. Hátíðarguðspjónusta verður í Kópavogskirkju klukkan 13. Skruðganga fer frá Menntaskólanum í Kópavogi klukkan 13.30 og lýkur á Rútstúni þar sem við tekur hátíðardagskrá. Gunnar Birgisson, nýkjörinn bæjarstjóri, flytur ávarp og fjallkonan flytur frum-samið ljóð um Kópavog, skemmtikraftar troða upp auk margra annarra dagskrárlíða.

Míll klukkan 21 og 23.30 verða útitónleikar á Rútstúni þar Írafár, Pápar og Stuðmenn halda uppi stuðinu.

HAFNARFJÖRÐUR

Dagskráin í Hafnarfirði hefst með því að fánar verða dregin að húni og hylltir. Helgistund verður í

Hellisgerði klukkan 13.45 og að henni lokinni verður skruðganga frá Helligstötu að Víðistaðatúni þar sem fer fram fjölskylduskemmtun sem hefst klukkan 15.00. Á skemmtuninni flytur Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar, ávarp og fjallkonan flytur þjóðhátíðarljóð auk þess sem Selma, Bergþór Pálsson og Kalli á þakinu skemmta áhorfendum.

Klukkan 20 fer fram fjölskylduskemmtun í Hafnarborg.

AKUREYRI

Dagskráin í Hafnarfirði hefst klukkan 9 með því að Blómabíllinn keyrir um götur bæjarins til klukkan 11. Klukkan 13.50 verður skruðganga frá Klöppunum, klukkan 14.10 hefst Hátíðardagskrá á Ráðhústorgi og klukkan 15.30 hefst opin dagskrá á sviðinu á torginu þar sem allt getur gerst. Auk þess verða fjölmargar fleiri uppákomur og skemmtiatriði víðs vegar um bæinn.

Klukkan 20 hefst svo mikil tónlistarhátíð á Ráðhústorginu og mun hátíðahald á Akureyri halda áfram inn í sumarnóttina með kvöldvöku, ljóðaupplestri og síkisdans og lýkur herlegheitunum ekki fyrr en um klukkan tvö að nóttu til.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ
15 16 **17** 18 19
Föstudagur

OPNANIR

18.00 Opnun grafíksýningar **Sveinbjargar Hallgrímsdóttur** í gallerí Klaustri að Skriðuklaustri í Fljótssdal.

17. JÚNÍ

10.00 Þjóðhátíðarhald hefst í Reykjavík með því að blómsveigur verður lagður á leiði **Jóns Sigurðssonar** í kirkjugarðinum við Suður-götu.

10.40 Þjóðhátíðardagskrá á **Austurvelli** í Reykjavík. Forseti Íslands **Ólafur Ragnar Grímsson** leggur blómsveig að minnisvarða **Jóns Sigurðssonar**. Ávarp **Halldórs Ásgrímsson** forsætisráðherra.

11.20 Guðspjónusta í **Dómkirkjunni**. Séra Helga Soffía Konráðsdóttir predikar.

13.00 Tónleikar hefjast á **Austurvelli** og standa til 18.00. Fram koma ýmsar hljómsveitir.

13.40 **Skrúðganga** frá Hlemmi niður Laugaveg að Ingólfrstorgi

14.00 **Barna- og fjölskylduskemmtun** hefst á Arnarhóli og stendur til klukkan 18.00.

14.30 Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem **Kvennakór Reykjavíkur** kemur fram auk annarra atriða.

18.00 Tónleikar á Arnarhóli. Fram koma m.a. **Stuðmenn, Hjálmar, Mínus, Írafar** og **KK Band**. Tónleikunum lýkur klukkan 22.00.

20.00 Harmonikkuball í Ráðhúsinu. **Léttisveit Reykjavíkur** leikur fyrir dansi

22.00 Þjóðhátíðardagskrá lýkur í miðbæ Reykjavíkur

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettbladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Sumar gjafir skipta öll börn máli!
Gefum börnum góða sumargjöf

GERÐUBERG
LOKAÐ Í DAG!
www.gerduberg.is

Tónleikurinn BÍTL
Landsbankinn

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/PRÍÐJA HÆÐIN

KALLI Á PAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14, Lau 13/8 kl 14
Sun 14/8 kl 14

SIRKUS SIRKÖR
- ÓGLEYMANLEG UPPLIFUN

STÓRA SVIÐ
99% UNKNOWN - Sirkussýning
CIRKUS CIRKÖR frá SVÍPÍJÖÐ
Í kvöld kl 20,
Aðeins þessar sýningar

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/PRÍÐJA HÆÐIN
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Lau 18/6 kl 20,
Su 19/6 kl 20
Síðustu sýningar

Míðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Míðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Míðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag

X
97.7
Enginn viðbjóður

989 BYLGJAN
Gleðifréttir frá Gleðistofu Íslands
Laugardaga kl. 11:30
og alla virka daga kl. 11:30, 16:30 og 21:30

Glæsileg uppfærsla af vinsælustu rokkóperu allra tíma
SUPERSTAR
“STÓRHUGUR OG LISTRÆNN METNAÐUR”
Sýning Leikfélags Hornafjarðar sem sló í gegn í vetur er komin í bæinn. Aðeins tvær sýningar í Reykjavík.
• Laugardag 18. júní kl 20 - LAUS SÆTI
• Sunnudag 19. júní kl 20 - LAUS SÆTI
Tryggðu þér sæti - Miðaverð kr 1500 - takmarkað sætaframboð!
Loft KASTALINN
552 3000
loftkastalinn.is



Viðbótarnám í stærðfræði
fyrir starfandi grunnskólakennara

Samvinnuverkefni Kennaraháskóla Íslands og menntamálaráðuneytis vegna átaks í greinabundinni menntun grunnskólakennara.

- Námið hentar öllum sem kenna eða vilja kenna stærðfræði í grunnskólum en hafa ekki sérhæft sig í stærðfræðikennslu.
- Námið er til 15 eininga og hefst í ágúst 2005.
- Mögulegt er að ljúka 30 eininga námi (fullu kjörsviði).
- Kennt er á haustmisseri, vormisseri og sumarmisseri.
- Gert er ráð fyrir að lokið sé 4 til 6 einingum á hverju misseri.
- Námið er sveigjanlegt og hægt að stunda það með starfi. Einnig er hægt að stunda það sem fjarnám.

Umsóknarfrestur er til **20. júní**. Umsóknum skal skilað í afgreiðslu Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð. Afgreiðslan er opin alla virka daga kl. 18:15-16:00.

Gert er ráð fyrir að allt að 30 kennarar geti hafið nám að þessu sinni. Menntamálaráðuneytið stendur straum af kostnaði við kennsluna, þar með töldu skráningargjaldi.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Bjarnadóttir lektor í síma 863-7647 (krisbj@khi.is).
Upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef Kennaraháskóla Íslands, www.khi.is

KENNARHÁSKÓLI ÍSLANDS
Stakkahlíð · 105 Reykjavík
Sími: 563 3800 · Fax: 563 3833



Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINI

Bubbi: Ást, **Bubbi:** Paradís, **Hot Damn!:** The Big'n Nasty Groove'O Mutha, **Björn Thoroddsen:** Cold Front, **Foo Fighters:** In Your Honor og **Coldplay:** X&Y.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Líf mitt og yndi að gleðja fólk



EINAR ÖRN

Áhrifavaldir Einars í tónlistinni eru ekki Bubbi, Bob Dylan og Megas eins og algengt er á meðal trúbadora, heldur eru þeir af allt öðrum toga. „Ég hlusta aðallega á þungarokk. Ég er svolítið rokkaður trúbador. Metallica, Alice in Chains, Rolling Stones og Creedence Clearwater Revival eru mínir uppáhalds-flytjendur og hafa gert mig að því sem ég er í dag,” segir trúbadorinn Einar Örn.

Einar Örn Konráðsson, sem vann trúbadorakeppni Suðurnesja á dögunum, ætlar að flakka um landið í sumar með kassagitarinn að vopni og skemmta landi og þjóð.

Einar Örn verður í Kópavogi um helgina en ferðast síðan um Austfirði í framhaldi af því. „Ég er mjög spenntur. Þetta er mitt líf og yndi, að spila tónlist og gleðja fólk,” segir hinn hressi Einar Örn. „Ég er mjög ánægður með að hafa unnið trúbadorakeppnina og það er eiginlega staðfesting á því að maður sé á réttri leið.”

Einar, sem er uppallinn í Bolungarvík, er um þessar mundir að vinna að sinni annarri plötu en sú fyrsta, Lognið á undan storminum, kom út fyrir tveimur og hálfu ári. Þegar hann er ekki að syngja og spila starfar hann á dekkjaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu. „Það er alveg nauðsynlegt til þess að halda sönum að hafa eitthvað annað að gera en að spila,” segir hann. „Ég er búinn að vera í sex ár í bransanum. Þegar ég tpaði í söngvakeppni fyrir vestan ákvað ég að sýna fólk fram á annað og það fleytti mér áfram að fá smá mótlaeti.”



> Popptextinn ...

„Black church on a cold tundra
Mountain-glacier-glacier-glacier stream
Black stone beach and a Black Death bottle
Is all me and my baby'll need
In the tropical, tropical
Tropical ice-land“

Hljómsveitin The Fiery Furnaces, sem spilar á Iceland Airwaves í haust, syngur um undarleg kynni sín af Íslandi í laginu Tropical Iceland af plötunni EP.

[TOPP 20]

X-ÍÐ 977 - 15. JÚNÍ

- 1 LEAVES
The Spell
- 2 INCUBUS
Make a Move
- 3 ENSÍMI
Slow Return
- 4 COLDPLAY
Speed of Sound
- 5 BECK
Girl
- 6 QUEENS OF THE STONE AGE
In My Head
- 7 GORILLAZ
Feel Good Inc.
- 8 EAGLES OF DEATH METAL
Stuck In the Middle of You
- 9 LADA SPORT
Summertime In Outer Space
- 10 AUDIOSLAVE
Your Time Has Come

* Listanum er raðað af umsjónarmönnum stöðvarinnar



LEAVES Hljómsveitin Leaves er í toppsætinu þessa vikuna með nýjasta smáskífulag sitt, The Spell.

Orðið „play“ merkir að leika sér

Hin virta rokksveit Sonic Youth heldur tvenna tónleika á Nasa í ágúst.

Freyr Bjarnason spjallaði við trommuleikarann Steve Shelley, sem gekk til liðs við sveitina fyrir 20 árum.

Bandaríska rokksveitin Sonic Youth heldur tvenna tónleika á Nasa dagana 16. og 17. ágúst. Sveitin var stofnuð árið 1981 í New York-borg af söngvaranum og gítarleikanum Thurston Moore, bassaleikaranum og söngkonunni Kim Gordon og Lee Ranaldo gítarleikara. Trommuleikarinn Steve Shelley gekk til liðs við sveitina 1985 og hefur lamið húðirnar af krafti allar götur síðan.

Shelley var staddur í New York í tiltölulega stuttu stoppi frá tónleikaferð um Evrópu þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Ný plata í undirbúningi

Jæja, þið eruð á leiðinni til Íslands í ágúst. Hlakkið þið ekki til? „Við höfum aldrei komið þangað áður, en við hlökkum mikið til. Við vorum í Evrópu fyrir viku síðan, spiluðum á Spáni, Tyrklandi og í Þýskalandi og förum síðan aftur þangað í næstu viku. Það er gott að



SONIC YOUTH Þessi virta hljómsveit heldur tvenna tónleika hér á landi í ágúst. Steve Shelley er annar frá hægri.

fara til Evrópu yfir sumartímam og halda tónleika. Við höfum verið að spila vel og skemmt okkur líka vel.“

Hvernig myndirðu lýsa sjöustu plötu ykkar, Sonic Nurse? „Ég veit það eiginlega ekki. Ég eyði vanalega ekki miklum tíma í að lýsa plötunum okkar. Við komum saman og vinnum að þeim og leyfum kannski frekar fólk eins og þér að lýsa þeim. Ég skemmti mér að minnsta kosti vel við að gera hana og við höfum gaman af því að spila lögin á tónleikum.“

Takið þið mörg lög af plötunni á tónleikum? „Um helmingurinn er af nýju plötunni en hinn helmingurinn frá öllum ferlinum. Við spilum kannski fleiri lög af gömlu plötunum á Íslandi vegna þess að við höfum aldrei spilað þar áður.“

Eruð þið farin að undirbúa nýja plötu? „Við ætlum að byrja rétt áður en við komum til Íslands. Við ætlum að vera nokkrar vikur í Massachusetts og í New York að vinna að nýju efni.“

Áttu þér uppáhalds Sonic Youth-plötu? „Mér finnst Evol góð, aðallega vegna þess að það er fyrsta platan sem ég tók upp með Sonic Youth. En í raun finnst mér þær allar góðar. Þegar maður vinnur að plötunum kafar maður svo mikið ofan í þær að það er erfitt eiga einhverja í uppáhaldi.“

Guðfeður framsækinnar rokkónlistar Meðlimir Sonic Youth hafa verið nefnd sem guðfeður framsækinnar rokkónlistar. Hvað finnst þér um svona fullyrðingar? „Mér finnst bara ekkert um þær. Fólk segir alls konar hluti en svona lagað hefur ekki áhrif á okkar daglega líf. Við reynum bara að gera það sem við gerum eins vel og hægt er.“

Margar frægari hljómsveitir á borð við Nirvana og Pixies hafa nefnt ykkur sem sterka áhrifa-valda. Finnst ykkur gott að vera á bak við tjöldin á meðan aðrar sveitir takast á við sviðsljósið? „Við værum alveg til í að vera eins vinsæl og mögulegt er en við höfum mikinn áhuga á jaðarnum. Þar er fullt af áhugaverðum hlutum í gangi. Vinsældatónlist getur stundum verið frekar þreytandi og kannski finnst okkur allt í lagi að vera ekki of vinsæl en við reynum það samt aldrei. Við höfum aldrei gefið út plötu eða gert eitthvað bara til að reyna að losna við aðáendur. Við reynum ekki að vera á bak við

tjöldin en þetta er bara einn af þessum hlutum sem gerast.“

Sérðu áhrif frá ykkur hjá mörgum hljómsveitum í dag? „Stundum heyrir ég þau en við höfum sjálf orðið fyrir miklum áhrifum frá svo mörgum sveitum á okkar ferli enda erum við miklir tónlistarunnendur. Okkur finnst aldrei eins og aðrar hljómsveitir séu að stela einhverju frá okkur. Þetta er bara eðlileg þróun sem á sér stað.“

Gaman að spila með Nirvana

Kurt Cobain var yfirlýstur aðdáandi ykkar, ekki satt? „Jú, Kurt var aðdáandi. Við ferðuðumst með Kurt og Nirvana og spiluðum á tónleikum með þeim. Okkur líkaði mjög vel við þá sem hljómsveit og sem manneskjur en ég gæti ekki sagt til um hversu mikil áhrif við höfðum á þá. Okkur fannst samt mjög gaman að spila með Nirvana.“

Hvað finnst þér um rokkið í dag? „Það er ekki margt athyglisvert í gangi. Þessa dagana finnst mér fínt að fara aftur í tímann til þess sem gerðist á fimmta og sjötta áratugnum, sem er tímabil sem ég hafði ekki skoðað mikið. Það er alltaf áhugaverð tónlist þarna úti sem er kannski ekki vinsæl. Það er alltaf þannig að þegar tónlist fer að verða leiðinleg á yfirborðinu skapast svigrúm til að skapa eitthvað í jaðarnum.“

Þú rekur þitt eigið upptökufyrirtæki og ert með nokkur hliðarverkefni í tónlistinni, auk þess að vera í Sonic Youth. Þú hlýtur að vera upptekinn maður? „Ég er nú ekki með mörg hliðarverkefni núna. Ég spila með öðrum þegar mér er boðið það. Til dæmis hef ég verið að spila með Chris Lee, sem býr hérna í Brooklyn. Við höfum verið að vinna að plötu saman sem kemur út síðar á þessu ári. Ég hef nóg að gera en samt finnst mér ég ekki vera of upptekinn. Það er þannig með New York-búa að þeir hafa hraðan lífsstíl og það er fjöldi fólks sem er miklu uppteknara en ég.“

Leika sér með tónlistina

Hvaða trommuleikarar hafa haft mest áhrif á þig í gegnum tíðina? „Ég ólst upp á áttunda áratugnum og hlustaði á öll böndin frá sjöunda áratugnum. Þarna var breska innrásin og bandarísku hljómsveitirnar líka. Ég hlustaði á trommara eins og Ringo Starr,

Keith Moon, Charlie Watts, John Bonham, sem ég er reyndar enn undir miklum áhrifum frá í dag. Þegar ég varð eldri hlustaði ég á R&B, pönk, Hugo Burnham úr Gang of Four sem ég dýrka ennþá, indítónlist og George Hurley úr Minutemen. Síðan hlustaði ég á plötur sem eldri bræður mínir áttu eins og The Stooges og Can. Annars hef ég ekki gaman af hljómsveitum bara af því að trommararnir eru góðir heldur ef sveitin spilar vel sem ein heild.“

Ertu mikið fyrir það að gera tilraunir með hljóðfærin eins og félagar þínir í Sonic Youth? „Já, ég er það, en ég breyti ekki trommusettingu eins mikið og þau breyta gíturunum. Maður verður að hafa opinn huga til að gera tónlistina áhugaverða og til að geta leikið sér með hana. Orðið „play“ merkir að leika sér og við erum að leika okkur með tónlistina. Við komum saman og reynum að sleppa fram af okkur beislinu og sjáum síðan til hvað gerist.“

Sonic Youth hefur verið starfandi í 24 ár. Er ekki erfitt að prófa sig sífellt áfram? „Við erum ekki að reyna að vera á undan neinum. Við hugsum ekki um að vera tilraunagjörn heldur frekar um á hverju við höfum áhuga hverju sinni. Við reynum að gera góðar plötur, sem er mikil áskorun þegar við erum bún að vera svona lengi saman. Það er gott að geta gert plötur sem allir eru ánægðir með í sveitinni og vonandi sem einhver vill kaupa í leiðinni.“

Breytilegur andi

Hvernig er andinn í sveitinni? „Hann er breytilegur. Allir eiga sína góðu og slæmu daga og við eigum líka okkar sameiginlegu góðu og slæmu daga. Undanfarið hefur andinn samt verið mjög góður. Við spiluðum á nokkrum tónleikum með The Stooges þegar þeir komu saman aftur fyrir tveimur árum og það var svo mikill kraftur á tónleikumunum og gaman að spila að það gaf okkur aukna orku. Síðan þá hefur verið mikill kraftur í okkur á tónleikum.“

Eftir stutt spjall um komuna hingað til lands í ágúst kveður blaðamaður Shelley en spyr að lokum hvort Sonic Youth vitu eitthvað um íslenska tónlist. „Nei, ekki sérlega mikið, en við ætlum okkur að tékka á henni þegar við komum þangað.“ Svo mörg voru þau orð.



Sigur á Björk skiljanlegur

Mugison fær góða dóma á hinni virtu tónlistarsíðu Pitchfork-media.com, eða 7,1 af 10 mögulegum, fyrir plötuna Mugimama is this Monkeymusic?

Þar segir að þegar litið sé til bestu laganna sé auðvelt að skilja hvers vegna hann skaut Björk ref fyrir rass á Íslensku tónlistarverðlauninum. Lögin Murr Murr, I Want You, 2 Birds og I'd Ask fá hæstu einkunn, þar sem Mugison er líkt við Beck og Will Oldham eins og svo oft áður. „Murr Murr er frábært þjóðlagapopp sem er keyrt áfram af kassagítar og áhrifarikri rödd Mugi,“ segir m.a. í dómnum. Lögin The Chicken Song, Swing Ding og Afi minn fá aftur á móti slakari dóma.

Mugison fékk á sínum tíma einnig góða dóma á síðunni fyrir tónlist sína við Niceland, eða 7,0, auk þess sem blaðamaðurinn minnst á fyrstu plötu Mugison, Lonely Mountain, sem hann segir framúrskarandi. ■



MUGISON Tónlistarmaðurinn Mugison fær góða dóma á Pitchforkmedia.com.



COLDPLAY Söngvarinn Chris Martin er væntanlega ánægður með sölutölum á nýrri plötu þeirra strákanna X&Y en platan er á toppnum bæði í Ameríku og Bretlandi.

Coldplay í hæstu hæðum

Vinsældir Coldplay halda áfram og nú er nýja platan komin í fyrsta sæti vinsældalistans í Ameríku. Selst hafa 737 þúsund eintök á um viku í Bandaríkjunum. Það þykir virkilega góður árangur og aðeins 50 Cent hefur náð betri plötusölu á viku með plötunni The Massacre.

Plata Coldplay fór beint á topp

vinsældalistann í Bretlandi og átti einnig söluháa viku sem aðeins Oasis hefur toppað með plötunni Be Here Now. Þetta er í fyrsta sinn síðan platan Kid A með Radiohead kom út sem plata fer í fyrsta sæti vinsældalistanna bæði í Bretlandi og Ameríku. Nýjasta plata Coldplay, X&Y, er nú í fyrsta sæti vinsældalista í 22 löndum. ■

Árlegir sólstöðutónleikar

Páll Óskar Hjálmtýsson og hörpu-leikarinn Monika munu halda hina árlegu Sólstöðutónleika í Café Flóru, grasagarðinum Laugardal, næstkomandi sunnudag.

Páll Óskar & Monika hófu samstarf sitt árið 2001 og fyrsta afurð þess samstarfs var platan „Ef ég sofna ekki í nótt“ og tveimur árum síðar sendu þau frá sér jóla-plötuna „Ljósín heima“. Þau hafa flutt tónlist við ýmis tækifæri hérlandis sem erlendis og hlotið lof fyrir ljúfan flutning.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er forsala aðgöngumíða í Café Flóru. ■



PÁLL ÓSKAR & MONIKA Tónleikarnir í grasagarðinum í Laugardal hefjast klukkan 22.00.

Nýr bassaleikari með The Darkness

Bassaleikarinn Richie Edwards hefur gengið til liðs við hlóm-sveitina The Darkness. „Richie er skemmtilegur og virkilega góður bassaleikari og á þessu stigi er það allt sem skiptir máli,“ sagði Justin Hawkins söngvari.

Edwards var að vonum mjög sáttur við að vera tekinn inn í hlóm-sveitina. „Ég hef alltaf verið gagntekinn af tónlist og mig hefur alltaf langað til að vera í hlóm-sveit. Ég hélt að það myndi ekki gerast

núna á þrítugsaldri-
inum og mér finnst
ég virkilega heppinn
að hafa fengið þetta
tækifæri,“ sagði hann
ánægður.
Fyrirverandi
bassaleikari hlóm-
sveitarinnar,
Frankie Poullain, er
þó ekki jafn ánægð-
ur og segist hafa ver-
ið neyddur til að hætta
gegn vilja sínum. ■

[SMS]
UM NÝJUSTU PLÖTURAR
Jane: Berserker
„Annar helmingur Animal Collective færir sig enn dýpra í undarlegheitin og mallar saman ambient tónlist við krútt-elektroník. Falleg grúskraplata sem róar taugarnar.“
BÖS

System of a Down: Mezmerize
„System of a Down nær að gera hið ótrúlega og standast ótrúlegar væntingar fólks með því að gefa út aðra frábæra plötu. Lög Mezmerize eru sterk, textasmiðar því miður lakari.“
BÖS

Jack Johnson: In Between Dreams
„Notaleg plata sem reynir að sannfæra hlustanda sinn um hversu yndislegt lífið er. Og á örugglega eftir að takast það í mörgum tilfellum.“
BÖS

Gorillaz: Demon Days
„Damon Albarn reynir að gera hina fullkomnu popplötu. Niðurstaðan er persónulegt meistara-stykki, það besta sem hann hefur skilað af sér á löngum og blómlegum ferli.“
BÖS

Oasis: Don't Believe the Truth
„Oasis reynir að komast nær rokktrótum sínum með Don't Believe the Truth, en búa ekki yfir miklum sannfæringarkrafti. Hvað kom fyrir risastöru melódíum og barnslegu einlægna?“
BÖS

Lokbrá: Army of Soundwaves
„Þó að þessi fyrsta plata Lokbrár sé ágeit nær hún ekki alveg að standa undir væntingum, því að mörg laganna eru einfaldlega ekki nógu gripandi. Það fer samt ekki á milli mála að Lokbrá hefur hæfileikana og nær vonandi að slípa þá betur til fyrir næstu plötu.“
FB

Weezer: Make Believe
„Versta plata sveitarinnar frá upphafi. Nördarnir eru því miður að eldast illa.“
BÖS

Birgir Örn Steinarrson / Freyr Bjarnason

Síminn

Glæsilegur Motorola sími

Motorola Razr V3
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

4.980 Léttkaups-
útborgun
og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 28.980 kr.

Motorola V3 síminn er ekki bara einstaklega flottur, þunnur og nettur heldur er hann búinn öllum helstu kostum sem þrýða GSM síma í dag.

- Glæsileg hönnun
- Stafræn myndavél (VGA, 640x480)
- Hi-res skjár
- MP3 hringitónar
- Fjögurra banda, (quad band, 850, 900, 1800, 1900 MHz)


Með öllum GSM tilboðum fylgja grúví símalínuskautar á 2.000 kr. Hlífar fylgja með.*
*Tilboð gildir meðan birgdir endast.

2.000 KALL

800 7000 - siminn.is


NEVADA BOB

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Í BEINNI
 Í KVÖLD KL. 20
 Á MORGUN KL. 18

SYN
 besta sætið

Talstöðin
 FM 90,9

 LAUGARDAGSMORGUNN
 Í umsjón Eiríks Jónssonar.
 Alla laugardagsmorgna kl. 10.

GÖTULEIKHÚSIÐ Krakkarnir í Götuleikhúsinu munu bregða á leik í dag ásamt öðrum listamönnum á vegum Hins hússins.

Englar og djöflar Götuleikhússins

Götuleikhúsið mun vera með stórsýningu í dag á milli 14 og 15 fyrir framan MR með eldblæstri, fimleikum, tónlist og fleiru. Meðlimir þess hafa verið að vinna með andstæður og þessa sýningarinnar er englar og djöflar. Sigtryggur Baldursson, eða Bogomil Font eins og flestir þekkja hann, mun leggja þeim lið ásamt þremur öðrum trommuleikurum sem ætla að spila á gríðarlega stórar trumbur. Danshópurinn Sviðgroup, breikhópurinn 5th Element og barnakór Grafavogskirkju munu einnig taka þátt í sýningunni. Til að hita upp fyrir sýninguna verða þau með tvo bíla í skruðgöngunni og tákna þeir hið góða og hið illa.

Götuleikhúsið hefur verið starfrækt á sumrin í yfir tíu ár og heyrir undir Hitt húsið. Að meðal-

tali fara á milli sextíu og hundrað manns í prufu og aðeins níu komust að í ár. „Yfirleitt höfum við fengið aukafjárveitingu til að bæta svo fimm listamönnum við en í ár erum við bara níu og höfum í staðinn fengið krakka úr Skapandi sumarstarfi að láni,“ segir Steinunn Knútsdóttir, leikstjóri Götuleikhússins. Fjöllistafólkið í Götuleikhúsinu er á aldrinum 17-25 og verður að búa yfir mörgum listrænum hæfileikum. „Þau verða að hafa útgeislun og mikla orku. Flestir þeirra hafa kunnáttu á mörgum listgreinum og geta gengið í öll verk eins og að sauma eða smíða. Til dæmis breyttu þau sjálf bílunum sem aka í skruðgöngunni,“ segir Steinunn og bendir á að mjög margir sem starfi við listir í dag hafi stigið sín fyrstu skref í Götuleik-

húsinu. „Þetta er eins og upphitun fyrir þá sem vilja leggja listsköpun fyrir sig.“

Götuleikhúsfólk er þekkt fyrir að vera í mjög skemmtilegum búningum og er það óneitanlega sjarmerandi krydd í götumyndina að sjá frumlegar figúrur á vegum Götuleikhússins líða um bæinn. Dagbjört Guðmundsdóttir er búningahönnuður þeirra í ár en hugmyndavinna er einnig í höndum krakkanna. Þau hafa bæki-stöðvar í Listsmiðjunni, Lindargötu 48, og æfa bæði þar og utandyra. „Við tökum þátt í Föstudagsflippum Hins hússins en stefnan okkar er að fara út á meðal fólks á hverjum degi,“ segir Steinunn. „Við viljum bara hvetja fólk til að mæta á sýninguna í dag og óskum landsmönnum gleðilegrar þjóðhátíðar.“ ■


VA-GÍNA Hljómsveitin Va-Gína tryllti lýðinn í fötum af tiskusýningunni.

Rokk og ról í Kjörgarði

Berglind Ómarsdóttir í Kjól og klæði og Selma Ragnarsdóttir hjá Zelma héldu rokkaða tiskusýningu í Smekkleysubúðinni sem er til húsa í gamla Kjörgarði á fimmtudag síðasta.

„Þetta tókst alveg rosalega vel, bara rock 'n' roll,“ sagði Selma eftir sýninguna. Fyrst komu módel fram í fötum frá Selmu og Berglindi og meðal þeirra voru stelpurnar úr kvennahljósveitinni Va-Gína. Eftir sýninguna stukku þær svo upp á svið og tóku fimm lög. Góð stemning myndaðist og augljóst að gestir skemmtu sér vel. „Það var alveg troðið og bara svakalega gaman,“ sagði Selma ánægð með útkomuna. ■


KJÓLL OG KLÆÐI OG ZELMA Sameinuðu krafta sína fyrir sýninguna sem haldin var í Kjörgarði síðastliðinn fimmtudag.

ROKKUÐ GÖTUTÍSKA Um förðunina sáu Hrafnhildur Víðarsdóttir og Steinunn Þórðardóttir frá Emm school of makeup.

Fær ekki að spila golf með stjörnunum

Fyrrum kryddpían Geri Halliwell sóttist nýlega eftir því að fá að spila golf með hinu fræga fólkinu í sérstökum sjónvarpsþætti á Sky-sjónvarpsstöðinni en var hafnað um þáttöku. Greyið Geri langaði svo óskaplega að vera með í þættinum og varð frekar fúl yfir að fá neitun.

Þáttarstjórnendum þótti hún hins vegar ekki nógu góður golfari til að fá að taka þátt en meðal þeirra sem munu golfa eru þeir Michael Douglas, Catherine Zeta-Jones, Samuel L. Jackson og Sylvester Stallone.

„Þegar starfsmenn Halliwell höfðu samband við þáttinn sögðu

framleiðendur þáttarins að hann væri einungis fyrir stjórnur sem væru reyndir golfarar, sem hún er ekki,“ sagði heimildarmaður. „Talsmenn Geri sögðu þá að söngkonan myndi vilja taka sérstakt námskeið einungis til að fá að vera með.“ Talsmaður Sky skýrði málið þannig að „golf-færni keppenda þyrfti að vera mjög góð“.

GERI HALLIWELL
Söngkonan vildi ólm fá að taka þátt í golfþætti sem sjónvarpsstöðin Sky sér um en var hafnað þáttöku því hún þótti ekki nógu fær golfari.



50 ára afmæli Evróvision

Það eru ekki bara Íslendingar sem eru óðir í Evróvision. Í Danmörku er framundan keppni hinna bestu. Skipuleggjendur létu fara fram könnun um hver væru fjórtán bestu lög keppninnar og munu þau etja kappi 22. október. Tónleikarnir bera nafnið „Congratulation“ eftir einu þekktasta lagi keppninnar en það var flutt af hjartaknúsanum Cliff Richard. Sami háttur verður á atkvæðagreiðslunni en Evrópubúar geta hringt og valið það lag sem þeim þykir best.

Það hafa oft verið örlög sigurvegara keppninnar að falla í gleyskunnar dá en margir ná þó frægð og frama í kjölfar sigurs. Nægir þar að nefna áður nefndan Richard að ógleymdum Abba-flokknum sem varð heims-



ABBA Sænski söngflokkurinn varð heimsfrægur á einni nóttu þegar hann flutti lag Waterloo með miklum tilþrífum árið 1974.

frægur á einni nóttu.

Meðal þeirra laga sem keppa er „My number one“ sem gríska gyðjan Helena Paparizou flutti í ár. Þá má einnig finna sigurlög Johnny Logan og að sjálfsgöðu Waterloo með Abba. ■



FORD OG FLOCKHART Tökur hefjast á nýrri Indiana Jones-mynd á næsta ári og kærasta Harrison Ford hefur lýst því yfir að hana langi til þess að leika í henni.

Paramyndir vinsælar

Hvort velgengi Mr & Mrs. Smith er þegar farinn að skila sér til Hollywood skal ósagt látið. Vinsældir þeirrar myndar má að stórum hluta þakka öllu því umtali sem aðalleikararnir Brad Pitt og Angelina Jolie hlutu.

Katie Holmes hefur verið orðuð við hlutverk í nýjustu Mission: Impossible myndinni á móti kærastanum sínum Tom Cruise. Indiana Jones-hetjan Harrison Ford gæti jafnvel fengið kærustu sína á móti sér. Calista Flockhart hefur að minnsta kosti lýst yfir áhuga á að leika á móti honum í nýjustu Indiana Jones-myndinni en tökur hennar hefjast á næsta ári.

Óvenju hljótt hefur verið um þau skötuþjú enda hefur Harrison verið á ferð og flugi og ekki er langt síðan hann stoppaði hér á landi en þá var Flockhart ekki með. ■

SKRÝTNA FRÉTTIN



JÓHANNES PÁLL PÁFI II Lést fyrr á árinu, en er notaður sem skotskífa hjá bæjarstjóra í Póllandi, sem var einmitt fósturjörð páfa.

Bæjarstjóri skýtur á páfa

Pólskur bæjarstjóri er nú undir mikilli pressu um að segja af sér eftir að hafa notað ljósmynd af Jóhannesi Páli páfa II við skotæfingar. Tadeusz Pawlowski, bæjarstjóri í Rawicza, hengdi myndina af hinum sáluga heilagleika upp á skotskífur, en bæjarstjórnin skipuleggur skotkeppni í frístundum. Pólska fréttastofan PAP hefur opinberlega lýst þeirri ákvörðun bæjarstjórans að nota myndina af páfanum sem ósmekklegu og siðlausu athæfi.

Tadeusz bæjarstjóri hefur sjálfur varið myndnotkunina af páfa með því að segjast ætíð skjóta á andlitsmyndir af heilögu fólki eða pólskum hetjum. ■

Sumartilboð

Byrjaðu núna !

Byrjaðu núna !

Hugsaðu um heilsuna með okkur alla ævi

Sumartilboð frá 17. júní til 17. júlí.

Þú kaupir árskort eða gerir áskriftarsamning og þér er boðið að njóta baðstofunnar að vild tvo fyrstu mánuðina.

www.worldclass.is

www.laugar.com

World Class Laugum - Spöng - húsi Orkuveitunnar - Símanúmer 553 0000

Mr. & Mrs. Smith **SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

Frá leikstjóra Bourne Identity „Skotheld frá A-0“ „Afpreying í hæsta klassa“ ★★ 1/2 K&F- XFM ★★ Blaðið „Prælgóð skemmtun“ ★★ Ó.Ó.H. DV ★★ P.P. FBL

Yfir 16.000 gestir á aðeins 7 dögum!

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.40
Sýnd í Lúxus kl. 8 og 10.40 B.i. 14 ára

Eru allir klárir í ævintýrlega fyndið ferðalag? Það sem getur farið úrskoiðs, fer úrskoiðs!
Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna sem fór beint á toppinn í USA

Siminn

Yfir 16.000 gestir á aðeins 7 dögum!

Sýnd kl. 2, 4, 6 og 8

